



# **„Okkur langar að vera með eitthvert mótvægi“**

Viðbrögð femínískra grasrótarhópa við klámvæðingu og skorti  
á kynfræðslu

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS



**„Okkur langar að vera með eitthvert mótvægi“**

***Viðbrögð femínískra grasrótarhópa við klámvæðingu og skorti á  
kynfræðslu***

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðsögukenndi: Gyða Margrét Pétursdóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði. Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

© Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir 2014

Prentun: Pixel

Reykjavík, Ísland 2014

## Ágrip

Þegar skortur er á kynfræðslu og annarri grunnþekkingu um kynlíf getur klám og klámvæðing haft áhrif á hugmyndir unglunga um kynlíf. Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að skoða viðbrögð femínískra grasrótahópa við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu. Jafnframt er leitast við að varpa ljósi á sýn femínískra grasrótahópa á nauðganir í samböndum unglunga. Fram að þessu hefur lítið verið um íslenskar rannsóknir á viðbrögðum femínískra grasrótahópa og rannsóknir á nauðgunum í samböndum unglunga. Eigindleg aðferð var notuð við gagnasöfnun og úrvinnslu gagna. Tekin voru fjögur hálfstöðluð opin viðtöl við þrjá meðlimi femínískra grasrótahópa sem staðið hafa að kynfræðslu fyrir unglunga og eina starfskonu femíníska grasrótahópsins Stígamóta. Helstu niðurstöður benda til þess að viðbrögð femínískra grasrótahópa við klámvæðingu séu að halda úti mótvægi í formi kynfræðslu. Það gerðu þau með því að taka fyrir þætti á borð við samskipti, ofbeldi, klám og upplýst samþykki, sem þeim þótti vanta í kynfræðslu. Upplifun viðmælenda var ólík eftir því hvort þeir höfðu fengið stuðning að frumkvæði opinberra aðila eða eftir að hafa gengið á eftir slíkum stuðningi. Viðmælendur töldu nauðgunarmýtur og skrímslavæðingu hafa áhrif á hugmyndir um nauðganir í samböndum unglunga og töldu brotþola spegla sig í þeim. Lausnir viðmælenda voru fólgnar í mikilvægi kynfræðslu á umræðugrundvelli sem mótvægi við klámvæðinguna. Kynjuð valdatengsl, skortur á kynfræðslu og þar að leiðandi ólík upplifun unglunga af kynlífi er samfélagslegur vandi og krefst því samfélagslegra úrræða. Ljóst er að þörf er á frekari rannsóknum á þessu viðamikla málefni.

## Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>7</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>8</b>
<b>2 Fræðilegur hluti</b> .....	<b>11</b>
2.1 Fyrri rannsóknir og kenningar .....	11
2.1.1 Karlmannska og kvenleiki .....	11
2.1.2 Klám og klámvæðing.....	12
2.1.3 Hvað er vitað um nauðganir í samböndum unglunga? .....	14
2.1.4 Nauðgunarmýtur og skrímslavæðing .....	17
2.1.5 Kynfræðsla .....	18
2.1.6 Samantekt.....	22
<b>3 Framkvæmd rannsókna</b> .....	<b>23</b>
3.1 Aðferð.....	23
3.2 Gagnaöflun og gagnagreining .....	24
3.3 Þátttakendur.....	25
3.4 Eigin afstaða og tengsl við þátttakendur.....	25
3.5 Siðferðilegir og aðferðafræðilegir þættir .....	25
<b>4 Niðurstöður</b> .....	<b>27</b>
4.1 Rými fyrir grasrótina.....	27
4.2 Stuðningur opinberra aðila og fræðilegur bakgrunnur grasrótarhópa.....	29
4.2.1 Stuðningur ríkis og sveitarfélags.....	30
4.2.2 Fræðilegur bakgrunnur grasrótarhópa.....	31
4.3 Nauðganir í samböndum unglunga .....	32
4.3.1 „Varhugaverður kokteill“ .....	32
4.3.2 „Alvöru nauðgun“? .....	36
4.4 Lausnir .....	41
<b>5 Samantekt og umræða</b> .....	<b>45</b>
5.1 Samantekt.....	45
5.2 Umræður .....	46

<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>49</b>
<b>Viðauki 1. Viðtalsrammi fyrir höfunda kynfræðsluefnis .....</b>	<b>56</b>
<b>Viðauki 2. Viðtalsrammi fyrir starfskonu Stígamóta.....</b>	<b>58</b>
<b>Viðauki 3. Tilkygning til persónuverndar .....</b>	<b>60</b>





## Formáli

Verkefnið *Viðbrögð femínískra grasrótarhópa við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu* er lokaverkefni mitt til B.A.-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ég hef tekið kynjafræði sem aukagrein og kynntist þar leiðbeinanda mínum Gyðu Margréti Pétursdóttir. Henni færi ég innilegar þakkir fyrir aðstoð, þolinmæði, faglegar athugasemdir og hvatningu. Einnig vil ég þakka mínum nánustu fyrir umburðalyndi og hlýju í aðdraganda og við skrif verkefnisins. Álfheiði Ingimarsdóttur þakka ég yfirlestur og athugasemdir. Verkefni þetta er framlag mitt til að skapa femíníska þekkingu og tilraun til vitundarvakningar á nauðgunum í samböndum unglunga.

Að lokum vil ég þakka viðmælendum mínum fyrir þátttökuna, fyrir að taka frá tíma til að veita mér aðild að hugsunum sínum og viðhorfum.

Þetta lokaverkefni er samið af undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Kópavogur, 6. maí 2014

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir

## 1 Inngangur

„*Okkur langar til að vera með eitthvert mótvægi.*“ Þessi orð eru tilvitnun í einn viðmælenda minna og heiti ritgerðarinnar. Þau vísa til vilja femínískra grasrótahópa til að halda úti mótvægi við klámvæðinguna með kynfræðslu. Skortur á markvissri kynfræðslu í skólum landsins í bland við kynjuð valdatengsl í skilaboðum samfélagsins til unglunga er hluti af hvata til viðbragða femínískra grasrótahópa.

Hluti þess að verða kynþroska og mynda náin tengsl við annað fólk felst í því að þroska kynverund sína og verða forvitinn um kynlíf. Það er þó ekki sjálfgefið að unglingar öðlist þekkingu á öllu sem tengist því að vera kynvera einungis við líffræðilegt ferli þess að verða kynþroska. Því er nauðsynlegt að börn og ungmenni fái kynfræðslu, helst við upphaf skólaskyldu, sem miðar að kynheilbrigði í samfélaginu almennt. Kynheilbrigði vísar til sálrænna, líkamlegra og samfélagslegrar velferðar tengda kynverund einstaklinga. Kynheilbrigði birtist í ábyrgri og frjálsri tjáningu kynferðislegra eiginleika og snýst um réttindi kynverundar. Auk þess felst kynheilbrigði í tilraunum til að draga úr neikvæðum afleiðingum kynhegðunar (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009). Þrátt fyrir að mælst sé til þess að börn fái kynfræðslu við upphaf skólagöngu virðist kynfræðslu einna helst beint að unglungum. Skilgreiningar á því hvenær maður er unglingur eru afar ólíkar eftir því hvar er leitað. Hér verður stuðst við skilgreiningu tengda íslenskri tungu og miðað við að unglingar séu þeir sem eru á aldrinum 13-18 ára (Íslensk orðabók, 2010).

Dagbjört Ásbjörnsdóttir (e.d.) tekur fram að kynfræðsla í skólum og frá foreldrum sé einungis hluti þeirra upplýsinga sem unglingar í dag fái um kynlíf. Þrátt fyrir að grunnur að ánægjulegu kynlífi á jafnréttisgrundvelli sé fólgin í fræðslu er umræða um kynlíf unglunga afar neikvæð og þeir eiga því erfitt með að ræða það við foreldra sína og fá auk þess takmarkaða fræðslu í skólum.

Þegar skortur er á fræðslu, brotið er á réttindum fólks eða yfirvöld sinna ekki skyldum sínum myndast rými fyrir grasrótahreyfingar að hefja baráttu fyrir breytingum (Steinem, 1995; hooks, 2000).

Sú grasrót sem hér er vísað til á rætur að rekja til femínískra baráttuhreyfinga. En femínismi er í raun róttækt grasrótastarf, hreyfing eða kenning sem staðfastlega leitast

við að breyta samfélagi og menningu í átt til jafnréttis. Helsta birtingarform og uppspretta femínismans í gegnum tíðina hefur verið í formi aðgerðahreyfinga kvenna. Í þróun kynjafræði og femínisma kallast á baráttuhreyfingar kvenna og fræðimennska. Persónuleg reynsla er gjarnan innblástur að pólitískri baráttu og fræðastarfi. Jafnréttisbaráttan hefst því í grasrótinni og persónulegri reynslu þeirra sem að henni standa (Þorgerður Einarsdóttir, 2002; 2004). Hérlendis hafa femínískar grasrótahreyfingar meðal annars birst í Rauðsokkahreyfingunni og baráttu þeirra fyrir frjálsum fóstureyðingum og kynfrelsi kvenna. Baráttan fyrir kynfrelsi kvenna hefur til að mynda einblínt á sjálfsákvörðunarrétt kvenna til kynlífs, rétt frá nauðgunum og heimilisofbeldi (Steinem, 1995; hooks, 2000, Philly's pissed and Philly stands up, e.d.). Sjálfsákvörðunarréttur kvenna til fóstureyðinga varð mikið hitamál og þrátt fyrir hörð mótmæli í garð Rauðsokka áttu þær stóran þátt í að koma endurskoðun fóstureyðingarlaganna inn í samfélagslega umræðu (Helga Ólafsdóttir, 2011; Gunnhildur Sigurhansdóttir, 2014). Femínískar grasrótahreyfingar eru víða í sögunni umbreytingaafli og aukið kynfrelsi kvenna er algengt baráttumál þeirra.

Hér verður stuðst við skilgreiningu Íslenskrar orðabókar (2010) á nauðgun, en þar kemur fram að nauðgun sé það að neyða eða kúga einhvern til að gera eitthvað. Það að hafa samfarir við konu gegn vilja hennar. Í Íslenskri orðabók virðist því ekki gert ráð fyrir að karlmönnum sé nauðgað. Þrátt fyrir að raunin sé vissulega önnur og karlmenn séu brotapolar nauðgana líkt og konur verður hér notast við orðin brotapolí og ofbeldismaður og þannig vísað til þess að fremjendur nauðgana og ofbeldis í nánnum samböndum eru í mun ríkari mæli karlar. Með því er þó ekki gert lítið úr stöðu karla sem brotapola en afmarkað efni og umfang verkefnisins takmarkar þó að farið sé nánar í það hér.

Með því að notast við orðið brotapolí eru fórnarlamb- og þolendahugtök lögð til hliðar þar sem þau vísa ekki til ákveðins atburðar heldur að einstaklingur sé fórnarlamb eða þolandi í lífinu almennt. Það er lítill styrkur eða upphefð í því að vera þolandi eða fórnarlamb en orðið brotapolí vísar hins vegar til ákveðins brots sem einstaklingurinn þurfti að þola eða hafði af. Orðið ofbeldismaður felur í sér að einstaklingur hafi beitt ofbeldi og því er ábyrgðin á ofbeldinu komin á réttan stað. Ofbeldismaður kemur í stað gerandahugtaksins sem hefur mun jákvæðari merkingu en orðið ofbeldismaður (Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, 2009).

Ofbeldi í nánnum samböndum er kúgunarferli þar sem kyn og völd eru lykilhugtök. Nán sambönd fela í sér að ofbeldismaður og brotapolí eru tengdir tilfinningaböndum og

ofbeldið snýst um valdbeitingu. Ofbeldi í nánum samböndum hefur margar birtingarmyndir og skiptist meðal annars í andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi og kynferðisofbeldi. Nauðganir í samböndum eru því einn angur ofbeldis í nánum samböndum. Ofbeldi í nánum samböndum er ekki bundið við heimili fólks og orsök þess liggur mun frekar í samfélagslegu valdamisræmi kynjanna en persónulegum vanda heimilisins (Berns, 2001; Ingólfur V. Gíslason, 2008). Í ljósi þess verður ekki stuðst við hugtakið heimilisofbeldi hér heldur ofbeldi í nánum samböndum.

Klámvæðing er menningarferli sem felur í sér að angar klámsins teygja sig inn í okkar daglega líf sem samþykkt og jafnvel upphafið samfélagslegt fyrirbæri (Smidt, 2012). Fram að þessu hafa rannsóknir á klámvæðingu og skorti á kynfræðslu lítið beinst að upplifun og viðbrögðum grasrótahópa og er því um ákveðna nýjung í íslenskum rannsóknum að ræða, þar sem sjónum er auk þess beint að nauðgunum í samböndum unglunga sem hingað til hafa að mestu legið í skugga.

Rannsóknin sem hér verður fjallað um beinist að upplifun þriggja aðila sem staðið hafa að kynfræðslu fyrir unglunga og einni starfskonu Stígamóta á klámvæðingu og skorti á kynfræðslu. Markmið þessarar rannsóknar er að fá innsýn í viðbrögð femínískra grasrótahópa við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu. En auk þess verður leitast við að skoða viðhorf viðmælenda til nauðgana í samböndum unglunga þar sem kynjuð valdatengsl klámvæðingarinnar og skortur á viðeigandi kynfræðslu gætu átt þátt í þeim vanda. Rannsóknarspurningar þessa verkefnis eru eftirfarandi: *Hver eru viðbrögð femínískra grasrótahópa við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu? Og hver er sýn femínískra grasrótahópa á nauðganir í samböndum unglunga?*

Ritgerðinni er skipt upp í nokkra kafla. Í upphafi verður sjónum beint að fræðilegum bakgrunni, þar verða helstu hugtök skýrð og farið yfir helstu kenningar og rannsóknir sem liggja að baki þeim hugtökum. Að fræðilegum bakgrunni loknum verður fjallað um framkvæmd rannsóknarinnar, aðferðafræði og gögn. Þátttakendur verða kynntir og farið yfir siðferðileg álitamál. Því næst tekur við niðurstöðukafla þar sem farið verður yfir þær niðurstöður sem viðtölin leiddu af sér og þær settar í samhengi við fræðilegan bakgrunn. Loks verður samantekt á helstu niðurstöðum og umræður um hvernig megi túlka þær.

## 2 Fræðilegur hluti

### 2.1 Fyrri rannsóknir og kenningar

Hér verður gerð grein fyrir fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar. Þau hugtök sem endurtekið koma fram verða skýrð með því að fara yfir helstu kenningar og fyrri rannsóknir sem liggja þeim til grundvallar. Fyrst verður fjallað um karlmennsku og kvenleika og tengsl hugtakanna við klám og klámvæðingu. Því næst verður gerð tilraun til að ná utan um umfang og alvarleika nauðgana í samböndum unglunga og það sett í samhengi við nauðgunarmýtur og skrímslavæðingu. Þar á eftir verður fjallað um stöðu kynfræðslu á Íslandi. Að lokum verður gerð samantekt á efni kaflans.

#### 2.1.1 Karlmennska og kvenleiki

Þegar skilgreina á karlmennsku telur R.W. Connell (2005) einfaldast að vísa til þess að karlmennska sé það sem greini karla frá konum. Hugtakið er því hlaðið andstæðum og verður ekki skoðað nema í samspili við andstæðuna, kvenleikann. Karlmennska er auk þess gildishlaðið hugtak og getur því falið í sér jákvæða eða neikvæða eiginleika og viðhorf. Connell bendir þó á að ekki sé um eina fasta gerð karlmennsku að ræða heldur karlmennskur í fleirtölu sem birtingarmynd kyngervis. Kyngervi telur hún mótast í samspili við þætti á borð við kynþátt, aldur, stétt, fötlun, kynhneigð og búsetu. Ríkjandi karlmennska (*e. Hegemonic masculinity*) er hugtak sem Connell hefur notað um þá karlmennsku sem trónir efst í valdaráráðum karlmenskunnar hverju sinni. Ríkjandi karlmennska er það form kyngervis sem nær yfir þær viðurkenndu karlmennsku-hugmyndir sem tryggja valdamismun karla og kvenna. Þar er lykilþáttur að ekki sé um beina stjórnun að ræða heldur fallist hinir undirokuðu á að yfirráð karla séu sjálfsgöð og eðlileg.

Bæði hugmyndir Connell (2005) um ríkjandi karlmennsku og kenningar Claes Ekenstam (2003) um ótta karla við að falla eða mistakast geta átt sinn þátt í að skapa og viðhalda staðalímyndum karlmenskunnar. Staðalímyndir karlmenskunnar og ýmis hegðun þeim tengd eru taldar skaðlegar karlmönnum sjálfum og samfélaginu í heild. Skaðleg karlmennska hindrar jafnrétti og hefur fylgikvilla á borð við kynbundið ofbeldi,

kynjaðan vinnumarkað og undirskipun annarra hópa (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011).

Gyða Margrét Pétursdóttir (2012) telur styðjandi kvenleika systurhugtak ríkjandi karlmennsku og felur það í sér hlýðni. Undir það falla þær konur sem viðhalda meðvitað eða ómeðvitað því sem styrkir og stofnanabindur yfirráð karla yfir konum. Það að stíga út úr styðjandi kvenleika er þó hægara sagt en gert og felur í sér að hafna hluta af sjálfinu. Andstæða styðjandi kvenleika er mengandi kvenleiki, en grundvöllur hans er óhlýðni við ríkjandi kynjatengsl og ögrun við það valdamisræmi sem viðgengst í samfélaginu. Mengandi kvenleiki mengar samband ríkjandi karlmennsku og styðjandi kvenleika og er því nátengdur grasrótahreyfingum og jafnréttisbaráttu.

### **2.1.2 Klám og klámvæðing**

Klám er enn í dag skilgreint á ýmsa ólíka vegu og því getur verið flókið að ná utan um sameiginlegan kjarna þeirra skilgreininga. Í bæklingi frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og MARK kemur fram að klám sé ekki einungis efni af kynferðislegum toga heldur sé þar um valdamisræmi að ræða. Undir klám falli því það efni sem er kynferðislega opinskátt hvort sem það er í orðum eða myndum og hafi skýra yfir- og undirskipun (Smidt, 2012). Þar sem slíkt valdamisræmi í klámi birtist yfirleitt í hugmyndum um ríkjandi karlmenn og undirskipaðar konur fellur það vel að kenningum Connell (1995) um ríkjandi karlmennsku og Gyðu Margrétar Pétursdóttir (2012) um styðjandi kvenleika.

Umræður og rannsóknir á klámi hafa hingað til að mestu falist í því að sanna eða afsanna hvort klámáhorf leiði til niðurlægjandi viðhorfa í garð kvenna og ýti jafnvel undir nauðganir (Malamuth, Addison og Koss, 2000). Thomas Brorsen Smidt (2013) leggur til annars konar nálgun á klámi þar sem horft er á klám sem uppsprettu þekkingar, frekar en að einblínt sé á áhrif þess. Hann skoðar hvaða þekkingu klám veitir körlum og hvaða áhrif sú þekking hefur í félagslega mótuðum veruleika þess að vera karlmaður. Samkvæmt Smidt er klámnotkun meðal íslenskra karlmannna normaliseruð þegar hún hefst í barnæsku og á unglingsárum. Klámnotkun gegnir því hlutverki innan vinahópa karlmannna að skapa þekkingu um karlmennsku og kynlíf. Normalisering á klámi hjá börnum og unglíngum í bland við skort á þekkingu telur hann útskýra hvers vegna sumir karlmenn samþykkja þá þekkingu sem klámið veitir um kyn, kynferði og kynlíf, jafnvel þó að raunveruleikinn sé því afar frábrugðinn.

Katrín Anna Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2011) telja að þegar klám er normalíserað í samfélaginu með auknu framboði, eftirspurn og aðgengi sé um menningarferlið klámvæðingu að ræða. Klámvæðingin sést meðal annars í því að hlutverk úr klámi færast í hversdagsleikann og ná að birtast án þess að um eiginlegt klám sé að ræða. Klámvædd hlutverk sem fela í sér þá skýru yfir- og undirskipun sem Smidt (2012) telur einkenna klámið sjást í hversdagsleikanum, t.d. í tónlistarmyndböndum, auglýsingum, sjónvarpsþáttum, tísku og orðfæri.

Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson (2006) færðu rök fyrir því að klámvæðingin teygi anga sína ekki einungis inn í hugmyndir fólks um kynlíf og útlit heldur einnig inn í sjálfsmynd þess. Því til stuðnings nefndu þau að ungar konur í rýnihópaviðtölum þeirra hefðu fundið til vanlíðunar við að falla ekki að staðalímyndum um eftirsóknarvert útlit. Sandra Lee Bartky (1998) telur að hegðun og sjálfsmynd kvenna mótist að miklu leyti í gegnum aga og sá agi sé ekki eingöngu fólgin í skilaboðum um staðalímynd heldur færast aginn og hugmyndir um æskilega hegðun og útlit inn á við og konur sjái því að miklu leyti sjálfar um að beita sig aga. Dagbjört Ásbjörnsdóttir (e.d.) telur klámvæðinguna birtast í því að unglingsstúlkur upplifi þrýsting frá vinkonum sínum til að fara snemma að stunda kynlíf. Þær stúlkur sem byrjuðu ungar að stunda kynlíf töldu það þó oft ekki hafa byggt á upplýstri ákvörðun og sögðust sjá eftir því. Það er í samræmi við niðurstöður Barnaverndarstofu, en 37% stúlkna á aldrinum 16 – 19 ára höfðu stundað kynlíf sem þær sáu eftir (Barnaverndarstofa og Rannsóknir og greining, 2007). Lykilþátt klámvæðingarinnar telja Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elvý Guðríður Hreinsdóttir og Andrea Hjálmsdóttir (2011) fólgin í kynjuðum valdatengslum. Birtingarmyndin felur yfirleitt í sér undirgefna konur og ráðandi karla og töldu viðmælendur þeirra slíkar hugmyndir lita sambönd. Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elvý Guðríður Hreinsdóttir og Andrea Hjálmsdóttir segja kynjuð valdatengsl í samskiptum birtast í óskýrum mörkum á milli þess sem gert er vegna þvingana og þess sem gert er sjálfviljugt, í væntingum og upplifunum unglingsdregja þegar þeir fara að stunda kynlíf og að unglingsstúlkum þyki þær ekki standa jafnfætis drengjum þegar kemur að kynlífi.

### 2.1.3 Hvað er vitað um nauðganir í samböndum unglunga?

Þrátt fyrir að ofbeldi í nánum samböndum hafi verið þó nokkuð rannsakað fer lítið fyrir rannsóknum á nauðgunum og ofbeldi í samböndum unglunga og fær efnið almennt ekki mikla athygli (World Health Organization, 2011).

Í Íslenskri rannsókn á ofbeldi gegn konum kom fram að engin miðlæg skráning er til staðar á landinu á ofbeldi gegn konum heldur miðast þær skráningar sem til að mynda Kvennaathvarfið, lögregla, Stígamót og Barnaverndarstofa halda úti við starfsemi hlutaðeigandi. Skráning er undirstaða þess að hægt sé að meta þörfina fyrir stuðningsþjónustu (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010). Það eru þó til ýmsar tölur sem gefa vísendingar um umfang og alvarleika málaflokksins og verður hér gerð tilraun til að fara yfir erlenda og íslenska tölfræði.

Í könnun World Health Organization á heilsu kvenna og umfangi ofbeldis í nánum samböndum komu fram upplýsingar um ofbeldi í parasamböndum frá meira en 24 þúsund konum í 10 löndum. Niðurstöðurnar staðfesta að ofbeldi í parasamböndum viðgengst í öllum þeim löndum sem tóku þátt í könnuninni. Af þeim konum sem höfðu verið í parasambandi höfðu 6-59% upplifað kynferðisofbeldi af hendi maka síns. Þetta breiða bil sem tölfræðin sýnir ræðst af ólíkri stöðu kvenna í þeim löndum sem tölurnar ná yfir. Sem áhættuþætti og mögulegar ástæður ofbeldis í parasamböndum telur WHO meðal annars ungan aldur, litla menntun, yfirráð karla í fjölskyldum, kynjuð valdatengsl samfélagsins og þá sérstaklega ef hugmyndir um karlmennsku eru tengdar yfirráðum eða árásargirni og lítil lagaleg eða samfélagsleg úrræði við ofbeldi í parasamböndum eða hjónaböndum (World Health Organization, 2012a og 2012b). Ingólfur V. Gíslason (2008) bendir á að kynlíf hafi lengi vel verið talið sjálfsgættur réttur eiginmanna og kærasta og nauðgun í sambandi hafi því áður fyrr ekki haft neina merkingu.

World Health Organization (2013) tekur auk þess fram að 35% kvenna í heiminum hafi upplifað líkamlegt eða kynferðisofbeldi í sambandi, rúmlega þriðjungur allra kvenna í heiminum. Þrátt fyrir að ofbeldi í samböndum unglunga sé ekki sérstaklega tilgreint í ofangreindum skýrslum bendir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna á að kynferðisofbeldi og annað ofbeldi í nánum samböndum eigi líka við um konur á unglingsaldri (United Nations: General Assembly, 2006).



Til þess að koma auga á áhættuþætti tengda ofbeldi í samböndum unglunga er nauðsynlegt að skoða það félagslega umhverfi sem unglingar búa í. Ýmsar aðstæður hafa áhrif á hegðun og hugmyndir unglunga, til að mynda heimili, skóli og vinir (Swart, 2002).

Í nýlegri danskri rannsókn um ofbeldi í samböndum unglunga kemur fram að kynlíf sé oft sá þáttur sem skilur að ástarsambönd og önnur sambönd og geri þau sérstaklega flókin. Þeir unglingar sem tóku þátt í rannsókninni aðskildu því kynferðisofbeldi í samböndum skýrt frá andlegu eða líkamlegu ofbeldi og töldu það tengt því nána sviði sem gerir ástarsambönd sérstök. Það að þvinga kærustu eða kærasta til kynlífs þótti þeim geta verið tengt óskýrum samskiptum og leikreglum sem viðgangast í kynlífi. Í rýnihópaviðtölum við unglungana kom fram að þeim þótti erfitt að meta hve langt mætti ganga í að þrýsta á kærustu eða kærasta til kynlífs. Þeim þóttu mörk, langanir og kynferðislegar þarfir flóknar og ekki skýrt hvenær um ofbeldi væri að ræða. Fram kom að þeim þótti almennt ekki ásættanlegt að þrýsta á maka að stunda kynlíf en undantekningar voru þó ef einstaklingar væru jafngamlir og staddir á svipuðum stað kynferðislega. Einnig var algengt að svör unglunganna bæru með sér staðalímyndir um sterkari þörf drengja fyrir kynlíf, sem jafnvel gæti réttlætt þrýsting þeirra á maka. Svör unglingsdrengja í rannsókninni fólu í sér að það yrði að koma fram skýrt orðað „nei“ eða „stopp“ til þess að um ofbeldi gæti verið að ræða. Það ýtir undir mýtur um að þögn sé sama og samþykki og mýtur um „*alvöru nauðganir*“ þar sem brotþoli berst á móti og hlýtur sýnilega líkamlega áverka (Plauborg, Johansen og Helweg-Larsen, 2012).

Þórunn Blöndal (2013) tekur fram að einstaklingum reynist mun auðveldara að játa bón en neita og því sé mun líklegra að unglingar, sem og aðrir, setji fram annars konar neitun en með skýru nei-i. Unglingar verða því að vera læsir á líkamstjáningu og látbragð hver annars. Á vefsíðu Embættis landlæknis (2012a) er tekið fram að neitun sé ekki alltaf orðuð heldur geti líkamsbeiting einnig gefið til kynna að einstaklingur vilji ekki stunda kynlíf og ræða þurfi málin nánar, dæmi um það getur verið ef einstaklingur snýr sér undan, krossleggur hendur og fætur, skiptir um umræðuefni, stífnar upp eða frýs, hikar eða reynir að fresta því að gengið sé lengra. Þar segir jafnframt: „*Það er ekki hægt að réttlæta nauðgun með því að segja að viðkomandi hafi ekki sagt nei. Þegar brotist er inn í hús sagði eigandinn ekki nei (hann var ekki spurður...) en samt vitum við að lögbrot var framið!*“

Í grein Embættis landlæknis (2012b) um ofbeldi og kúgun í samböndum og samskiptum er tekið fram að kynferðisofbeldi í samböndum feli meðal annars í sér að einstaklingur sé neyddur til að ganga lengra en hann vill t.d. ef þrýst er á munnmök eða endaparmsmök þegar viðkomandi vill ekki taka þátt í slíku, ef stundað er harkalegt kynlíf sem viðkomandi vill ekki eða ef einstaklingur er þvingaður til kynlífs.

Ein aðalástæða þeirrar þöggunar á ofbeldi í samböndum sem unglingar bentu á er að ofbeldið er normalísierað og erfitt fyrir ungling með litla reynslu að vita hvort um eðlilegt samband er að ræða (Plauborg o.fl., 2012).

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds (2010) benda á að 22% íslenskra kvenna frá 16 ára aldri hafi orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi. Hærra hlutfall kvenna hafði orðið fyrir ofbeldi af hálfu fyrrverandi maka en núverandi maka sem gefur til kynna að konur fari úr ofbeldissamböndum og tjái sig frekar um ofbeldið eftir að sambandinu líkur. 6,1% kvenna höfðu einhvern tíma frá 16 ára aldri orðið fyrir kynferðisofbeldi í sambandi og 4,6% á sama aldursbili höfðu orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar í sambandi.

Í Ársskýrslu Stígamóta kemur fram að 323 brotapolar hafi leitað til Stígamóta árið 2013 í fyrsta skipti, af þeim höfðu 18,3% orðið fyrir nauðgun af hendi maka. Flestar þeirra kvenna sem höfðu orðið fyrir nauðgun, 35,9%, voru 11- 17 ára þegar ofbeldið átti sér stað og 14,4% ofbeldismannanna voru á sama aldri þegar ofbeldið var framið (Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, 2014). Rétt er að taka fram að tölurnar ná ekki sérstaklega yfir tengsl brotþola og ofbeldismanna í aldurshópnum 11 -17 ára svo að hér er um túlkun að ræða á þeim gögnum sem eru til staðar.

Kvennaathvarfið er ætlað konum og börnum þeirra þegar dvöl á heimili þeirra er óbærileg vegna líkamlegs eða andlegs ofbeldis af hendi maka eða annarra heimilismanna. Athvarfið er líka ætlað konum sem hefur verið nauðgað. Í Ársskýrslu Samtaka um Kvennaathvarf (2013) kemur fram að flestar konur sem komu í Kvennaathvarfið á því ári voru á aldrinum 18 til 30 ára. Þær stúlkur sem ekki voru orðnar 18 ára komu stöku sinnum í viðtöl með samþykki forráðamanna. Í þeim viðtölum eru þær skráðar inn sem konur í viðtalsskýrslum. Ef þær koma til dvalar verða þær að koma með mæðrum sínum og þá eru þær skráðar í viðtalsskýrslur sem börn. Þetta bendir til þess að ekki sé gert ráð fyrir ofbeldi í samböndum unglinga.

#### 2.1.4 Nauðgunarmýtur og skrímslavæðing

Nauðgunarmýtur fela í sér lífseigar ranghugmyndir um nauðganir og eru ein leið til þess að viðhalda kynferðisofbeldi og réttlæta það. Algengar nauðgunarmýtur eru til dæmis að eiginmenn geti ekki nauðgað mökum sínum og að flestar nauðganir eigi sér stað í húsasundum að nóttu til þar sem ofbeldismaðurinn er ókunnugur. Með því er ábyrgð nauðgana færð úr hendi ofbeldismanna og til brotaþola. Nauðgunarmýtur gegnsýra samfélagið og eru fjölmiðlar og réttarkerfið þar engin undantekning (Edwards, Turchik, Dardis, Reynolds og Gidyez, 2011). Þrátt fyrir að meirihluti nauðgana falli ekki að nauðgunarmýtum hafa þær engu að síður áhrif á brotaþola nauðgana þar sem þeir spegla sig í mýtunum og þurfa að meta hvort að nauðgunin var nógu mikil nauðgun til að gera mál úr því (Finnborg Salome Steinþórsdóttir, 2014).

Skrímslavæðing felur í sér að ofbeldismönnum sé lýst sem ofbeldisfullum skrímslum og þeir þannig jaðarsettir og aðgreindir frá öðrum meðlimum samfélagsins. Skrímslavæðing er því nátengd nauðgunarmýtum um árásarnauðganir í húsasundum þar sem ofbeldismaðurinn er ókunnugur. Sjúkdómsvæðing birtist í afsökunum um sjúka, siðblinda eða veika ofbeldismenn sem sé ekki sjálfrátt. Þannig kemst samfélagið undan því að takast á við staðreyndir og það hversu víðtækt kynferðisofbeldi er (Edwards, o.fl. 2011; Philly's pissed and Philly stands up, e.d.). Embætti landlæknis (2012b) tekur sérstaklega fram að ekki sé nóg að aðstoða brotaþola heldur verði ofbeldismenn einnig að fá viðeigandi aðstoð þar sem flestir ofbeldismenn sem beita ofbeldi í nánnum samböndum byrji þann feril á unglingsárum og með viðeigandi aðstoð megi stöðva þá þróun. Langflestir ofbeldismenn brotaþola í Kvennaathvarfinu voru núverandi eða fyrrverandi eiginmenn, sambýlismenn eða kærastar. Einnig kemur fram að 80% ofbeldismanna kvenna í Kvennaathvarfinu og 73,5% ofbeldismanna brotaþola á Stígamótum eru íslenskir. Í ljósi þess á staðalímyndin um ókunnug útlensk skrímsli sem ofbeldismenn því ekki við rök að styðjast. Ástæður þess að þær konur sem komu í Kvennaathvarfið lögðu ekki fram kæru voru yfirleitt að þeim þótti ofbeldið ekki nógu alvarlegt eða að þær hefðu sjálfar átt þátt í því (Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, 2014; Samtök um Kvennaathvarf, 2013). Það styður kenningar Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2014) um að brotaþolar spegla sig í nauðgunarmýtum samfélagsins og upplifi jafnvel að þeir beri ábyrgð á ofbeldinu.

### 2.1.5 Kynfræðsla

Formleg kynfræðsla miðar að því að stuðla að skilningi fólks á þeim líkamlegu og sálfélagslegu þáttum sem varða vöxt og þroska mannsins sem kynveru. Tilgangur hennar er að stuðla að kynheilbrigði og jákvæðum viðhorfum til kynverundar einstaklinga. Sú fræðsla ætti að byrja snemma á lífsleiðinni, gæta þarf þess að sleppa engu aldurskeiði en miða þó við aldur og þroska þeirra sem fá fræðsluna (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009).

Samkvæmt lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975 skulu fræðsluyfirvöld í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.

Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 tekur upp og gerir grein fyrir sex grunnþáttum í menntun á Íslandi. Þættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti og sköpun. Þessir þættir eiga að gegna mikilvægu hlutverki í daglegu skólastarfi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b). Í ritroð um grunnþætti menntunar er sérstakt hefti um jafnrétti sem gefið er út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Námsgagnastofnun sem ítarefni og hugmyndabrunnur fyrir starfsfólk á öllum skólastigum. Þar er sérstaklega fjallað um kynjajafnrétti og í kafla um kynbundið ofbeldi kemur meðal annars fram að þegar ungt fólk fari að stíga sín fyrstu skref í nánnum samböndum geti verið flókið, og ekki sjálfgefið, að átta sig á því hvernig hegðun viðgangist. Í ljósi þess hve útbreiðsla og aðgengi að klámi er mikil er jafnframt lögð áhersla á að þörf sé á fræðslu og umræðu í öllum skólum um samskipti kynjanna, nán sambönd, virðingu, kynlíf og klám og að tryggja verði að þessum þáttum sé sinnt. Sérstök áhætta er talin á að áhrif kláms geti litað nán sambönd unglunga og mikilvægi fræðslu og umræðu er undirstrikað (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013). Í almennum hluta Aðalnámskrár grunnskóla er gefin upp viðmiðunarstundaskrá, þar sem hverju fagi er ætlaður ákveðinn tímafjöldi sem er ólíkur eftir aldursstigum. Þar kemur fram að samfélagsgreinar, en undir þær falla samfélagsfræði, landafræði, saga, trúarbragðafræði, þjóðfélagsfræði, jafnréttismál, lífsleikni, siðfræði og heimspeki, fá úthlutað hlutfallslega litlum tíma miðað við þann fjölda námsgreina sem um ræðir. Þess má geta að í 8.-10. bekk er samfélagsfræði úthlutað 360 mínútum á viku, það er jafnmikið og ætlað er í náttúrufræði og skólaíþróttir en rúmlega

helmingi minna en í íslensku (630 mínútur), stærðfræði (600 mínútur) og erlend tungumál (840 mínútur) (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b).

Hvorki í almennum hluta Aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 né þeim hluta þar sem fjallað er nánar um greinasviðin frá 2013 kemur fyrir orðið kynfræðsla. Hvergi er minnst á hvernig henni skuli háttað, hve miklum tíma skuli verja í hana eða hvort hana skuli yfirhöfuð kenna. Orðið kynheilbrigði kemur hins vegar fyrir á sex stöðum og er það inni í markmiðum aðalnámskrár að efla kynheilbrigði og gefa kost á umræðu um kynheilbrigði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b).

Þrátt fyrir að Aðalnámskrá grunnskóla kveði á um forvarnaráætlanir skóla gegn einelti og öðru ofbeldi er hvergi sérstök umfjöllun um það hvort lífsleiknikennsla skuli rúma forvarnir og kynfræðslu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b). Eygló Árnadóttir (2009) tekur fram að lífsleikni í skólum sé ekki eins mikið notuð í slíka fræðslu og ætla mætti. Lífsleikni endar oft sem „ruslakista skólastarfsins“ (bls. 111) þar sem farið er í eitthvað annað sem erfitt er að finna tíma fyrir. Orð 17 ára unglingsdregja af upplifun sinni af kynfræðslu styðja við það en einn þeirra sagði lífsleiknitímanna í sínum skóla aldrei hafa verið nýtt fyrir lífsleikni. Nemendur hefðu annaðhvort mátt fara fyrir eða þá að tíminn hefði verið nýttur í leiki til að efla bekkjarandann.<sup>1</sup>

Þrátt fyrir að ekki sé fjallað sérstaklega um hvað skuli kenna í lífsleikni í Aðalnámskrá grunnskóla er í markmiðum skólaípróttta við lok 10. bekkjar nefnt að nemendur eigi að geta rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b). Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla virðist kynfræðsla og forvarnir gegn ofbeldi því eiga að fara fram í ípróttatímum.

Í ljósi þess hve ofangreind fyrirmæli um kynfræðslu eru óljós og misvísandi benda Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2011) á að þættir eins og

---

<sup>1</sup> Um er að ræða upplýsingar úr rannsóknarverkefni höfundar vorið 2014 í áfanganum *Karlar og karlmennska* sem kenndur var við Háskóla Íslands. Tekin voru viðtöl við fjóra 17 ára drengi um upplifun þeirra og reynslu af kynfræðslu og karlmennsku.

veikburða aðalnámskrá, áhugaleysi og óskýr markmið geti virkað hamlandi á kynjajafnréttisfræðslu. Kynfræðsla sem stuðlar að kynheilbrigði og kynfrelsi kvenna er einn þáttur þeirrar jafnréttisfræðslu sem þau tala fyrir.

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir (2009) tekur einnig fram að þegar þjálfun kennaranema í að veita jafnréttisfræðslu og kynfræðslu sé ekki næg sé hætt við að nemendur fái fræðslu of seint og ekki næga. Menntun og þjálfun þeirra sem veita kynfræðslu og ráðgjöf er því einn þáttur í myndun kynferðislega heilbrigðs samfélags en auk þess þurfi að vera til staðar á þeim vettvangi margvísleg grasrótarsamtök sem helst eiga gott samstarf.

Eygló Árnadóttir (2009) segir menntamálaráðuneytið (nú mennta- og menningarmálaráðuneytið) verða að bera ábyrgð á að sinna eftirlitshlutverki sínu með jafnréttisfræðslu í skólum. Frelsi skóla geri það að verkum að lög um jafnréttisfræðslu dugi ekki ein og sér. Auk þess vanti skýrari markmið og skyldufög í kynjafræði í kennaramenntun.

Ísland er þó síður en svo eina landið sem ekki virðist standa sig sem skyldi í kynfræðslu unglinga. Sarah K. Murnen og Linda Smolak (2012) telja þá takmörkuðu kynfræðslu sem er til staðar víða í Bandaríkjunum gera það að verkum að stúlkur séu dæmdar fyrir kynverund sína. Lítil millivegur virðist vera milli hugmynda um hina fullkomnu hreinu mey annars vegar og lauslátu drusluna hins vegar. Murnen og Smolak leggja þannig áherslu á að kynfræðsla varpi ekki neikvæðu ljósi á kynlíf, eins og það sé eitthvað hættulegt eða eitthvað til að skammast sín fyrir, heldur eigi að fjalla um það á eðlilegan hátt, án þvingana eða hlutgervingar.

Skortur á fræðslu getur leitt til þess að ungmenni taki þátt í klámvæddri menningu sem birtist þeim víða. Því til stuðnings benda ýmsir fræðimenn á að yfirgripsmikil menntun í kynfræðslu sé nauðsynleg til að taka á neikvæðum skilaboðum frá fjölmiðlum og þróa með sér samskiptahæfileika varðandi kynlíf (Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson, 2006; Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009; Lamb og Peterson, 2012; Murnen og Smolak, 2012; Smidt, 2013).

Kynfræðsla á Íslandi hefur að miklu leyti tekið fyrir líffræðilega þætti kynlífs og hefur fræðslan gjarnan verið sett fram í bæklingum eða bókum. Minna hefur farið fyrir markvissri fræðslu um samskipti, upplýst samþykki, klám og ofbeldi (Ásdís Olsen, 2006; Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir, 2006; Erla Ragnarsdóttir og Þórhalla Arnardóttir, 2006; Margrét Júlía Rafnsdóttir, 2008;). Nýlega

hefur þó sprottið fram ýmis fræðsla sem á það sameiginlegt að fjalla sérstaklega um þá þætti sem ekki hefur verið sinnt í eldra efni og hefur sú fræðsla oft verið sett fram í formi umræðu, myndrænt eða hljóðrænt í takt við tækninýjungar. Nýleg fræðsla á það einnig sameiginlegt að vera utanaðkomandi, þannig að hvorki efnið né þeir sem veita fræðsluna tengjast skólunum beint (Fáðu Já, 2012; Barningur, 2013; Sigríður Dögg Arnardóttir, 2014; Borgarleikhúsið, 2014; Samþykki er sexý, e.d.). Auk þess er væntanlegt forvarnarefnið *Örugg saman* fyrir unglunga um öryggi í samskiptum en það tekur sérstaklega á ofbeldi í samböndum. Efnið er ætlað til kennslu í skólum og með því fylgja kennslu-leiðbeiningar fyrir kennara (Embætti landlæknis, 2013: óútgefið efni).

Á Akureyri er starfrækt sérsniðin unglíngamóttaka sem sinnir aldurshópnum 13-20 ára sérstaklega. Slík þjónusta auðveldar unglíngum aðgengi að getnaðarvörnum og upplýsingum um kynsjúkdóma og ýmis kynlífsvandamál. Á unglíngamóttökunni er unnið að bættum lífsgæðum og aðstæðum unglíngna með því að sinna þörfum þeirra sem eiga við tilfinningaleg vandamál að stríða (Embætti landlæknis, 2012c; Heilsugæslustöðin á Akureyri, e.d.).

Grasrótahóparnir Samþykki er sexý, Fáðu Já og Barningur hafa allir staðið að einhvers konar kynfræðslu fyrir unglíngna (Barningur, 2013; Fáðu Já, 2012; Samþykki er sexý, e.d.). Samþykki er sexý hópurinn setti saman bækling um upplýst samþykki fyrir kynlífi sem sendur var til flestra 10. bekkja á landinu. Bæklingnum var einnig dreift í miðbæ Reykjavíkur, sendur til Bleika fílsins, forvarnarhóps ÍBV í Vestmannaeyjum sem barist hefur gegn kynferðisofbeldi, auk þess sem bæklingurinn var settur á netið (Samþykki er sexý, e.d.). Í bæklingnum er farið yfir algengar mýtur um kynlíf, upplýst samþykki, valdbeiting og mörk útskýrð og tekin dæmi um samþykki og neitanir, bæði orðuð og óorðuð. Fáðu Já hópurinn framleiddi stuttmynd sem sýnd var samtímis um land allt fyrir elstu bekkji grunnskóla og víða í framhaldsskólum. Myndinni er skipt niður í sex hluta sem hver um sig skipar veigamikilið hlutverk í að útskýra upplýst samþykki í kynlífi. Hlutarnir eru: upphaf, klám, nauðgun, að setja mörk, ofbeldi og fáðu já (Fáðu Já, 2012). Meirihluta þeirra nemenda sem sáu myndina þótti þeir skilja betur muninn á kynlífi og ofbeldi eftir áhorfið (Stefán Árni Pálsson, 2014). Grasrótahópurinn Barningur kemur að norðan og starfaði í upphafi sem sjálfstæður listahópur á vegum skapandi sumarstarfa hjá Akureyrarbæ. Starfsemi Barnings fólst í að taka viðtöl við ungt fólk um klámvæðingu í þeirra kynlífi auk þess sem meðlimir þýddu klámvædda popplagatexta, skrifuðu blogg um

klámvætt kynlíf og módelismiði átröskunar og voru með fræðslu fyrir alla nemendur á unglingastigi á Akureyri. Á Soundcloud-síðu Barnings má einnig finna 17 viðtöl við ungt fólk þar sem það segir sögur sínar af klámvæðingu í kynlífi (Barningur, 2013).

### 2.1.6 Samantekt

Hugtökin ríkjandi karlmennska og styðjandi kvenleiki birtast í valdamisræmi kynjanna en þess háttar kynjuð valdatengsl eru einnig grunnstef í klámi og klámvæðingu. Kenningar um klám sem uppsprettu þekkingar þegar skortur er á fræðslu og grunnþekkingu hafa tekið við af kenningum um annaðhvort eða áhrif klámnotkunar.

Ljóst er að ofbeldi í samböndum er staðreynd á alþjóðavísu og virðast sambönd unglunga þar engin undantekning. Skortur er á miðlægri skráningu á ofbeldi gegn konum á landinu þar sem þær tölur sem til eru miðast einna helst við starfsemi hópa eins og Stígamóta, Kvennaathvarfsins og Barnaverndarstofu. Í skráningum virðist ekki alltaf gert ráð fyrir unglingum á aldrinum 13–18 ára sem brotapolum ofbeldis í samböndum og því er erfitt að ná utan um þann hóp. Nauðgunarmýtur á borð við þær að ofbeldismenn séu ókunnug skrímsli og að nauðganir eigi sér oftast stað í húsasundum þar sem brotþoli berst um og endar með sýnilega líkamlega áverka eiga sinn þátt í að fría samfélagið ábyrgð og hlífa því við óþægilegum staðreyndum um raunverulegt umfang nauðgana. Nauðgunarmýtur og skrímslavæðing geta einnig haft skaðleg áhrif á þá brotþola sem spegla sig í þeim.

Þrátt fyrir að kynfræðsla sé bundin í lög og ýmsir fræðimenn bendi á mikilvægi hennar eru tilmæli um kynfræðslu í Aðalnámskrá grunnskóla afar óskýr. Orðið kemur raunar hvergi fyrir og skilaboð um undir hvaða grein kynfræðslan skuli falla eru misvísandi. Áhrif kláms í bland við skort á kynfræðslu og grunnþekkingu á samskiptum í kynlífi geta vakið óraunhæfar og ofbeldisfullar hugmyndir unglunga um kynlíf þegar þeir stíga sín fyrstu skref í samböndum.

Í framhaldi af þeim kenningum og rannsóknum sem hér hefur verið farið yfir snýr þessi rannsókn að *viðbrögðum femínískra grasrótarhópa við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu*. Líkt og áður hefur komið fram er skortur á rannsóknum sem taka á þessu málefni og því ekki ólíklegt að þessi rannsókn sé sú fyrsta héraðs.



### 3 Framkvæmd rannsóknar

#### 3.1 Aðferð

Í þessari rannsókn verður notast við eigindlega rannsóknaraðferð (e. qualitative research methods) þar sem þær samræmast markmiðum rannsóknarinnar betur en aðrar aðferðir. Helstu markmið eigindlegar aðferðafræði eru að leitast við að skilja félagsleg fyrirbæri, lýsa veruleika fólks og þeirri merkingu sem fólk leggur í upplifun sína. Þannig má öðlast innsýn í líf fólks og aðstæður (McMillan, 2008; Braun og Clarke, 2013; Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Einkenni eigindlegra rannsókna felast í fjölbreyttri rannsóknarhefð. Í eigindlegum rannsóknum leggur rannsakandi sig fram um að gera sér grein fyrir eigin stöðu og félagslegri mótun en reynir jafnframt að setja til hliðar eigin skoðanir og fordóma. Í eigindlegum rannsóknum er yfirleitt um að ræða lítinn hóp viðmælenda. Lögð er áhersla á hvaða merkingu rannsóknarniðurstöðurnar hafa og því meira lagt upp úr réttmæti rannsóknar en áreiðanleika. Réttmæti felur í sér að meiri áhersla er lögð á samræmi milli þess sem fólk sagði eða gerði og rannsóknargagna heldur en að hægt sé að framkvæma sömu rannsókn af öðru fólki og fá sömu niðurstöður, eins og áreiðanleiki kveður á um (Braun og Clarke, 2013). Hugmyndafræði eigindlegra rannsóknaraðferða gengur út frá því að merking sé félagsleg afurð sem ekki er innbyggð í hluti heldur verði hún til í samskiptum einstaklinga. Lögð er áhersla á að skoða hvaða merkingu einstaklingar leggja í fyrirbæri og hugtök í lífi sínu (Esterberg, 2002).

Eigindlegar rannsóknir hafa tilhneigingu til að vera gagnrýnar og vekja upp spurningar. Þær beina einnig sjónum að ákveðnum hópum undir þeim formerkjum að öll sjónarmið séu jafngild og byggja þannig á kenningum fyrirbærafræðinnar sem hefur það sem markmið að setja sig í spor viðmælenda og skoða ólík sjónarhorn (Esterberg, 2002). Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á aðleiðslu sem felur í sér að rannsakandi safnar gögnum og greinir, þróa samhliða því rannsóknarspurningar, leggur áherslu á merkingu og skilning og lýsir í lokin flókinni mynd án þess að alhæfa um fjöldann. Eitt helsta einkenni eigindlegra aðferða er sveigjanleiki. Þær byggjast því á hugmyndafræði póstpósítívisma og félagslegri mótunarhyggju sem kveða á um að ekki sé til neinn einn

sannleikur líkt og póstívismi meigindlegra rannsókna kveður á um heldur séu margir sannleikar bundnir við þann félagslega heim sem hver og einn býr í (Esterberg, 2002; McMillan, 2008; Braun og Clarke, 2013; Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

### 3.2 Gagnaöflun og gagnagreining

Við gagnasöfnun var notast við hálfstöðluð einstaklingsviðtöl, sem einnig þekkjast sem opin viðtöl (Braun og Clarke, 2013). Rannsakandi er þá með viðtalsramma til hliðsjónar en fylgir honum ekki eftir í einu og öllu. Í þessari rannsókn var stuðst við sama viðtalsramma fyrir höfunda kynfræðsluefnis (sjá Viðauka 1) en örlítið útfærðan fyrir starfskonu Stígamóta (sjá Viðauka 2). Sveigjanleiki eigindlegra rannsókna gerði það að verkum að þrátt fyrir sama viðtalsramma var ekkert viðtalanna eins. Misjafnt var hvaða spurningar komu fram og í hvaða röð. Það gefur viðmælanda tækifæri til að nota sín eigin orð til að tjá sig og rannsakandi reynir að öðlast skilning á upplifun viðmælandans (Braun og Clarke, 2013; Kvale og Brinkmann, 1996).

Viðtölin í rannsókninni voru frá 40 mínútum upp í 50 mínútur að lengd. Þau fóru fram dagana 29. janúar, 6. febrúar, 20. febrúar og 24. febrúar 2014. Tvö viðtalanna fóru fram á heimili viðmælanda, eitt í lokuðu rými í byggingu Háskóla Íslands og eitt í viðtalsherbergi á Stígamótum.

Viðtölin voru öll tekin upp stafrænt og afrituð orðrétt í ritvinnsluforrit. Rannsakandi skráði hjá sér athugasemdir í vettvangsnótur sínar jafnóðum eftir minni. Bætt var við köflum sem bera heitin *aðdragandi að viðtali*, *viðtalsdagurinn*, *aðkoman*, *viðtalsrammi*, *þankagangar fyrir viðtal*, og *hugleiðingar eftir viðtal* í viðtalsnóturnar ásamt forsíðu til að skapa þannig heildarsvip á vettvangsnóturnar. Vettvangsnótur fyrir hvert viðtal eru um 25 blaðsíður og því er gagnamagnið rúmlega 100 blaðsíður í heild. Gögnin voru greind kerfisbundið samhliða gagnasöfnun með opinni og markvissri kóðun. Við opna kóðun var hvert viðtal fyrir sig lesið, línu fyrir línu að afritun lokinni og leitað að þemum og kóðunarflokkum en allar hugmyndir voru skrifaðar á spássíu vettvangsnótnanna. Við markvissa kóðun voru viðtölin lesin aftur en þá út frá sterkustu þemum eða kóðunarflokknum, einu í einu og þannig náðist að dýpka þemun. Samhliða því voru viðtölin túlkuð og mögulegar beinar tilvitnanir skrifaðar niður (Braun og Clarke, 2013; Esterberg, 2002 ). Var því stuðst við vinnubrögð grundaðrar kenningar við greiningu gagna

sem felur í sér skipulögð vinnubrögð og stöðuga greiningu rannsóknargagna (Braun og Clarke, 2013).

### **3.3 Þátttakendur**

Við val á þátttakendum fjórum var notað markvisst úrtak þar sem rannsakandi valdi sjálfur grasrótarhópa og hafði samband við einstaklinga úr þeim. Hóparnir samræmdust rannsókninni vel þar sem þeir höfðu þann kynjavinkil sem rannsakanda þótti mikilvægt að kæmi fram. Femínísku grasrótarhóparnir voru Samþykki er sexý, Fáðu já og Barningur. Meðlimir þeirra eru bæði karlar og konur og er fjöldi hópmeðlima frá þremur upp í sex. Eins var haft samband við starfskonur Stígamóta og þær beðnar að velja sín á milli hver hentaði best í viðtal út frá markmiðum rannsóknarinnar.

Viðmælendum hafa verið gefin gervinöfnin Andri Sveinsson, Sólveig Halldórsdóttir, Eva Guðjónsdóttir og Jónína Elvarsdóttir, viðtölum var síðan eytt að afritun lokinni. Persónurekjanlegum upplýsingum hefur einnig verið breytt til að tryggja trúnað. Vísað er til viðmælenda eftir grasrótarhópum þegar fjallað er um starfsemi hópanna en þegar vísað er í persónulega reynslu og skoðanir þeirra er vísað til þeirra með gervinafni. Með þeim hætti á ekki að vera hægt að rekja viðmælendur aftur til hópanna og er þannig reynt að gæta enn betur að trúnaði við framsetningu gagna.

### **3.4 Eigin afstaða og tengsl við þátttakendur**

Rannsakandi þekkti engan viðmælenda sinna persónulega fyrir viðtölin en sökum smæðar landsins kannaðist rannsakandi þó við þá alla í gegnum þriðja aðila. Þrír viðmælendanna eru meðlimir í grasrótarhópum sem samið hafa einhvers konar kynfræðslufni fyrir unglunga. Fjórði viðmælandinn er starfskona grasrotarfélagsins Stígamóta þar sem boðið er upp á aðstoð fyrir brotþola kynferðisofbeldis. Áhugi á efninu kviknaði út frá rannsóknarskorti á sviðinu og eigin reynslu rannsakanda.

### **3.5 Siðferðilegir og aðferðafræðilegir þættir**

Við framkvæmd rannsóknarinnar voru siðferðilegir þættir sem huga þurfti að á öllum stigum rannsóknarinnar. Mikilvægt var að tryggja að fyrir lægi upplýst samþykki viðmælenda við þátttöku í rannsókninni. Rík áhersla var lögð á að gæta trúnaðar og að viðmælendur gerðu sér grein fyrir því í hverju þátttaka þeirra fælist og um hvað

rannsóknin snerist. Viðmælendahópurinn þarf ekki sérstaka vernd en engu að síður þarf að gæta að því að halda trúnað við viðmælendur. Við greiningu gagna var vandað sérstaklega til verka og gætt vel að trúnaði og virðingu við meðferð gagna (Kvale og Brinkmann, 1996; Sigurður Kristinsson, 2013). Tilkynning um rannsóknina var auk þess send til Persónuverndar (sjá Viðauka 3).

## 4 Niðurstöður

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á *viðbrögðum femínískra grasrótahópa við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu*. Niðurstöðum verður skipt í kafla. Í fyrsta kaflanum verður fjallað um rými fyrir grasrótina. Það rými varð til vegna vöntunar á fræðslu en auk þess er farið yfir femínísk grasrótareinkenni hópanna. Annar kafli fjallar um stuðning frá opinberum aðilum og fræðilegan bakgrunn grasrótahópanna. Í þriðja kafla er farið yfir sýn viðmælenda á nauðganir í samböndum unglunga og sá fjórði fjallar um tillögur viðmælenda að lausnum.

### 4.1 Rými fyrir grasrótina

Í svörum viðmælenda mátti greina sterkan þráð grasrótar sem sprottinn er út frá því að vilja fylla upp í þá gjá sem viðmælendum þótti vera til staðar þegar kom að kynfræðslufni.

Í svörum Andra og Sólveigar má sterkt greina að grasrótahreyfingar lagi sig að þörfinni hverju sinni. Aðgerðir viðmælenda eru því svar við þeirri þörf sem þeim þótti vera til staðar. Allir viðmælendur hafa orð á því að það vanti yfirgripsmeiri kynfræðslu og meira af henni, þeir renna þannig stoðum undir að ákveðin vöntun sé til staðar þegar kemur að kynfræðslu á Íslandi, eins og sjá má í umfjöllun um Aðalnámskrá í 2. kafla. Viðmælendur lýstu einnig skýrt að persónuleg reynsla hefði verið innblástur til baráttu eða aðgerða. Andri sagði meðal annars um eigin reynslu af skorti á kynfræðslu:

[...] en ég hugsa oft til baka og sé hvað maður hefði þurft á miklu meira að halda sjálfur. Bara, og þá hérna, og það er soldið svona hvati á því að, fyrir mig, að hérna gera eitthvað í því að. Því ég sé það bara hvað það hefði, getað haft mikil áhrif á mig bara, að hafa fengið betri og meiri fræðslu, í grunnskóla sjálfur.

Hvati viðmælenda að vinnu sinni virtist þannig einna helst byggja á persónulegri reynslu og viljanum til að halda úti mótvægi við klámvæðinguna og ríkjandi meginstraumsskilaboð. Orð Sólveigar um viðbrögð þeirra lýsa hvatanum vel: „Ég veit ekki

*hvort þetta er kynfræðsla, en við allavega, okkur langar til að vera með eitthvert mótvægi.“*

Samþykki er sexý að kennarar hefðu óskað eftir meira efni frá þeim. Meðlimur Fáðu Já sagði unglunga opna fyrir fræðslu og tilbúna að ræða kynlíf og samskipti en þá vanti fræðslu, bæði heima og í skólanum. Starfskona Stígamóta sagði vöntun á kynfræðslu í skólakerfinu ástæðu þess að hennar hlutverk fælist að miklu leyti í að veita ungum brotapolum sem kæmu í viðtöl fræðslu um mörk og muninn á kynlífi og ofbeldi. Barningur var upphaflega sjálfstæður listahópur í sumarvinnu á vegum Akureyrarbæjar en var fenginn til að sjá um fræðslu um kynferðisofbeldi og klámvæðingu fyrir allt unglíngastigið á Akureyri. Barningur þekkti einnig dæmi um að foreldrar hefðu sjálfir tekið að sér kynfræðslu. Ofangreind dæmi styðja það að vöntun sé á kynfræðslu.

Eva sagði að ákveðinn hvati að gerð þeirra efnis hefði falist í hrollvekjandi umræðu unglunga sem gaf til kynna að þeir þekktu ekki alveg muninn á kynlífi og ofbeldi. Þrír viðmælenda töldu jafnframt að í kynfræðslu hefði lengi vel verið vanrækt að ræða við krakka um kynlíf, klám, sjálfsvirðingu og mörk en meira verið einblínt á klíníska líffræði. Eva dró saman ummæli þeirra með orðunum: „*Samskiptin í kring um þetta [kynlífið]. Þau hafa orðið döldið út undan.*“

Sólveig sagði að þrátt fyrir ýmsar góðar nýjungar í kynfræðslu hugsaði hún til þess með hryllingi að enn ættu eftir að koma betur í ljós afleiðingar þess hve illa hefur verið staðið að kynfræðslu hingað til. Því auk þess að sjá reglulega útbreiddan valdamun kynjanna í samfélaginu séu unglíngar undir miklu áreiti frá klámvæddum fjölmiðlum og því sé sérstaklega herjað á þá þegar kemur að kynferðismálum.

Femínísk grasrótareinkenni eru fólgin í hreyfingu eða kenningu sem leitast við að breyta samfélagi og menningu í átt til jafnréttis. Femínísk grasrót birtist einna helst í aðgerðarhreyfingum kvenna þar sem þátttakendur sækja gjarnan hvata til aðgerða í eigin reynslu (Þorgerður Einarsdóttir, 2002; 2004). Þau grasrótareinkenni sem viðmælendur sýndu mátti greina í tengslum hópanna við aðrar grasrótarhreyfingar. Samþykki er sexý hópurinn átti til að mynda rætur að rekja til Nei- hreyfingar Femínistafélags Íslands og hafði þróast úr slagorði Nei-hreyfingarinnar „karlmenn segja nei við nauðgunum“ og sagði einn meðlimur Samþykki er sexý hópsins að þau hafi ákveðið að: „[...] breyta um áherslupunkt, taka, tala um svona þetta jákvæða. Svona jákvæða herferð, og þar að

*leiðandi fara meira yfir í já-ið.*“ Hópurinn notast auk þess við ákveðna hugmyndafræði sem byggir á erlendri fyrirmynd um að upplýst samþykki þurfi að vera til staðar fyrir kynlífi. Þetta gefur til kynna að víða sé grasrótastarf í gangi sem byggi jafnvel á svipuðum hugmyndum og svipaðri vöntun á kynfræðslu (Consent is sexy, e.d.). Barningur var í samstarfi við annað grasrótastarf, Aflið á Akureyri en það eru samtök sem berjast gegn kynferðisofbeldi. Starf Barnings miðar einna helst að því að efla umræðu og auka gagnrýna hugsun unglinga.

Hóparnir í kringum Fáðu Já og Samþykki er sexý efnið unnu vinnu sína á svipuðum tíma og fréttu því hvor af öðrum. Grasrótareinkenni hópsins Samþykki er sexý má meðal annars greina í því að þau voru fús til að grípa tækifærið þegar þau fréttu af Fáðu Já verkefninu og fá að vinna samhliða því. Í ummælum viðmælanda þaðan kemur oft fram viljinn til þess að vinnan við bæklinginn sé nýtt. Það má meðal annars sjá í eftirfarandi orðum:

Og vorum búin, byrjuð að skrifa texta í kringum það. En um leið og við fréttum af þessu Fáðu Já verkefni þá stíluðum við svona að helstu fyrir unglinga[.]

Ummæli allra viðmælanda bera sterkan keim af femínísku grasrótastarfi og má túlka framtak viðmælanda sem femínískar hreyfingar í baráttu að auknu jafnrétti og kynheilbrigði. Ummæli viðmælanda ríma vel við kenningar Þorgerðar Einarsdóttur (2002) um femínisma sem baráttuhreyfingar kvenna þar sem konur eru í meirihluta í öllum hópunum, Barningi, Samþykki er sexý, Fáðu Já og Stígamótum, og þeir leitast við að breyta viðhorfum í átt til jafnréttis. Grasrótahóparnir falla auk þess vel að birtingarmynd mengandi kvenleika að því leyti að þeir hafa það sem markmið að ögra ríkjandi hugmyndum um kynin og stuðla þannig að útvíkkun kynhlutverka (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012).

#### **4.2 Stuðningur opinberra aðila og fræðilegur bakgrunnur grasrótahópa**

Grasrótahóparnir hafa allir fengið einhvers konar styrki, en það hvernig styrkirnir voru tilkomnir var ólíkt milli hópa. Fræðilegum bakgrunni grasrótahópa er víða ábótavant sem og þekkingu kennara á jafnréttisfræðslu.

#### 4.2.1 Stuðningur ríkis og sveitarfélags

Það sem greindi svör viðmælenda hvað mest að, var ólík upplifun þeirra á stuðningi frá opinberum aðilum. Stofnun femíníska grasrótahópsins Barnings og starf við upptökur á klámvæðingu í kynlífi unglunga, bloggi um átröskun og þýðingu á klámvæddum popptextum var að þeirra eigin frumkvæði en sú kynfræðsla sem þau veittu unglungum var hins vegar að frumkvæði Akureyrarbæjar. Barningur fékk mikinn stuðning frá Akureyrarbæ og lét vel af þeim stuðningi, meðlimur hópsins sagði meðal annars: „[...] og það er svo oft á svona litlum stöðum að allir einhvern veginn leggjast á eitt að, og lána hluti og dót og hátalara og allt þetta litla sem þarf. Og það er gersamlega allir bara, þvílíkt hjálpsamir.“ Mestur munur á upplifun viðmælenda grundvallaðist í því að stuðningur Fáðu Já var tilkominn að frumkvæði verkefnastjórnar innan mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis og innanríkisráðuneytis með það sérsniðna hlutverk að sjá um vitundarvakningu á líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Samþykki er sexý hópurinn þurfti hins vegar að ganga á eftir því að fá styrki frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti og fundu því fyrir takmörkuðum áhuga ráðuneytanna á vinnu sinni:

[...] sem okkur fannst soldið skrítið, útaf okkur fannst svona soldið, að við værum að reyna að hjálpa og gera greiða með, en ekki að við séum að reyna að koma okkur á framfæri heldur frekar að við séum bara að reyna einmitt, að bæta þjónustu þeirra sko.

Meðlimur Fáðu Já tók þó sérstaklega fram að ástæðan fyrir frumkvæði ráðuneyta og fyrir skilvirku samstarfi hefði verið að verkefnastjórnin hefði verið skipuð hugsjónafólki. Gloria Steinem (1995) bendir á að ef að bakgrunnur yfirvalda er ekki femínískur eða úr grasrótinni gæti hjálpað að veita fólki við völd fræðslu til þess að samstarf gangi vel. Hugsjón og bakgrunnur þeirra sem fara með völd í ráðuneytum virðist því skipta máli þegar kemur að samstarfi við grasrótahópa. Sólveig sagði um mennta- og menningarmálaráðuneytið: „Það þarf einmitt, það er eina fólkið sem þarf að taka við sér er menntamálaráðuneytið.“ Aðspurð hvort hún geti útskýrt það nánar svaraði hún:



[...] þau þurfa einhvern veginn að vera líka með á nótunum, þú veist út af það eru þau sem hafa valdið til þess að fara með þetta inn í skólana og þú veist, tala meira um þetta. Og ég held það yrði mjög sterkt.

Ummæli viðmælenda um ráðuneytin samræmast vel því að mennta- og menningarmálaráðuneyti verði að sinna eftirlitshlutverki sínu með jafnréttisfræðslu í skólum eins og Eygló Árnadóttir (2009) bendir á í rannsókn sinni.

Hér má sjá að ólík reynsla af stuðningi ráðuneyta hafði mikið að segja um upplifun grasrótarhópanna á vinnu sinni. Fáðu Já hafði fengið stuðning að frumkvæði verkefnahóps innan ráðuneyta og lýsti jákvæðri reynslu af stuðningi og samstarfi við ráðuneytin. Samþykki er sexý hafði þurft að ganga á eftir styrkjum og stuðningi og lýstu þau vonbrigðum með takmarkaðan áhuga frá starfsfólki ráðuneyta á vinnu sinni. Hugsjón og bakgrunnur verkefnastjórnar og mennta- og menningarmálaráðuneytis þótti skipta máli þegar kom að góðu samstarfi.

#### **4.2.2 Fræðilegur bakgrunnur grasrótarhópa**

Það sem virðist meðal annars einkenna femínískar aðgerðahreyfingar eru tengsl þeirra við fræði og kenningar. Grasrótarhóparnir hafa mismikil tengsl við fræðin og þekkingargrundvöllur þeirra er ólíkur en viðmælendur vitna þó allir í einhvers konar rannsóknir og fræði í svörum sínum. Það gefur til kynna tengsl baráttu og fræða sem einkenni femínisma líkt og Þorgerður Einarsdóttir (2004) bendir á.

Viðmælendur bentu endurtekið á að þörf væri á viðameiri kynfræðslu og Andri tók fram að það væri til að mynda ekki nóg að sýna bara Fáðu Já og spjalla um hana í lok tímans heldur þyrfti umfangsmikla umfjöllun um hvern part myndarinnar fyrir sig ef þetta ætti að skila árangri.

Meðlimur í Barningi tók fram að umræða þeirra við unglunga um kynferðisofbeldi væri flókin þar sem þau væru sjálf ung. Þau væru því þakklát fyrir að hafa stuðning frá Aflinu á Akureyri við fræðsluna ef upp kæmu viðkvæm mál. Þess má geta að þrátt fyrir að hafa öll veitt einhvers konar kynfræðslu voru viðmælendur ekki með kennaramenntun eða annan fræðilegan bakgrunn í kennslu.

Mikið af nýlegu kynfræðsluefni sem snýr að klámi, ofbeldi og samskiptum í kynlífi er á vegum utanaðkomandi aðila (Fáðu Já, 2012; Barningur, 2013; Borgarleikhúsið, 2014;

Sigríður Dögg Arnardóttir 2014; Samþykki er sexý, e.d.) og gætu starfsmenn skóla litið á það sem næga kynfræðslu og afsökun fyrir því að sinna ekki slíkri fræðslu innan skólanna. Utanaðkomandi fræðsla er þó það form kynfræðslu sem unglingarnir sjálfir kjósa helst og telja líklegra að umræður skapist með þeim hætti (Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Ragnar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir, 2008).

Mikilvægi fræðilegs bakgrunns við kennslu er auðséð en þrátt fyrir það er fræðslu um jafnréttismál og kynjajafnrétti til kennaranema ábótavant. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að á öllum skólastigum skuli nemendur fá fræðslu um jafnréttismál. Slík jafnréttismenntun á að stuðla að gagnrýnni hugsun á ríkjandi hugmyndum samfélagsins, stofnunum þess og gera börn og ungmenni þannig fær um að greina þær aðstæður sem leiða til forréttinda og mismununar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a; 2011b). Eitt lykilatriði í átt til jafnréttis er að mennta kennara í að veita slíka fræðslu, engu að síður vantar í kennaramenntun skýra stefnu, hvatningu og fræðslu um jafnrétti. Sú jafnréttiskennsla sem kennarar sinna er háð eldmóði og áhuga hvers kennara á efninu og því gengið út frá frumkvæði kennara og skóla að jafnréttiskennslu. Eldmóður og góður vilji kennara er þó ekki nóg heldur þarf fræðilega þekkingu (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Eygló Árnadóttir, 2009; Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009; Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012).

### **4.3 Nauðganir í samböndum unglunga**

Nú verður farið yfir þau ummæli viðmælenda sem snúa að nauðgunum í samböndum unglunga og þau sett í samhengi við fræðilega umfjöllun. Undirkaflar umfjöllunarinnar eru tveir og bera báðir heiti sem eru tilvitnanir í orð viðmælenda.

#### **4.3.1 „Varhugaverður kokteill“**

Allir telja viðmælendur klám eiga einhverja sök á að skapa ranghugmyndir hjá unglingum um kynlíf. Andri telur að unglingar geti fengið brenglaða mynd af kynlífi úr klámi og að klámvæðingin geri það að verkum að klámið verði hluti af menningunni og síist þannig víða inn í umhverfi þeirra. Viðmælendur telja staðalímyndir kynhlutverka sem ýta undir valdamisræmi afar skaðlegar og Jónína benti á að margt í menningunni skapi og viðhaldi valdamisræmi kynjanna. Kynjuð valdatengsl á borð við þau sem Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elvý Guðríður Hreinsdóttir og Andrea Hjálmsdóttir (2011) lýsa eiga þátt í

ólíkri upplifun kynjanna í kynlífi. Bæði Sólveig og Eva bentu á hve mikið og snemma íslenskir unglingar horfa á klám og vitnuðu í niðurstöður Margrétar Lilju Guðmundsdóttur, Jóns Sigfússonar, Álfgeirs Loga Kristjánssonar, Hrefnu Pálsdóttur og Ingu Dóru Sigfúsdóttur (2010) þar sem fram kemur að íslenskir unglingsdrengrir horfi heldur meira á klám en jafnaldrar þeirra annars staðar á Norðurlöndunum.

Jónína vék orðum að hlutgervingu í klámi, hlutgervingu telur hún gera það að verkum að auðveldara sé að aftengja sig manneskjunni og meiða hana, þegar ekki er horft á manneskjuna í heild heldur bara ákveðna líkamshluta eða líffæri. Eva sagði jafnframt að klámvæðing og ofbeldi sé glamúríserað í menningunni og það skili sér inn í kynferðisleg samskipti, þar sem það sé kynferðislegur undirtónn í þessu öllu. Hún sagði um klámvæðingu og kynhlutverk í tónlistarmyndböndum:

[...] þar sem að þær voru berrassaðar, og þeir í Armani-jakkafötum. Og þú veist, þær bara snerust í kringum þá eins og skopparakringlur þú veist, og voru bara svona þessi augljóslega þjónandi kvenleiki. Þú veist, hérna, og þeir bara fengu bara að vera svalir tappar, þú veist. Og klárlega, klárlega lá valdið hjá þeim.

Ummæli viðmælenda má tengja við kenningar Connell (1995) um ríkjandi karlmennsku og Gyðu Margrétar Pétursdóttur (2012) um styðjandi kvenleika.

Úr viðtölum Barnings við ungmenni um reynslu þeirra af klámvæðingu í kynlífi, kom meðal annars í ljós að mikið væri um þrýsting og þvinganir í sögum unglinganna: „Þú veist það er ekki, það er verið að koma inn einhverri hugmynd um að nei sé loðið hugtak, að nei sé kannski, eða nei sé, þú þarft að sannfæra mig, eða eitthvað svona ömurlegt.”

Þrýstingurinn birtist til að mynda í því að það þyki flott að ögra sér, vera kaldur og ganga jafnvel fram af líkama sínum:

Og þetta eru þau gildi og viðmið sem að, sem eru höfð í hávegum, og það er soldið mikið þetta svona varpa, þú verður að prófa, prófa þetta, prófa hitt, prófa að fara í þrísome, prófa endaparmsmök, þú veist þetta er rosalega mikið af einhverjum nýjungum og einhverju sem er kannski, einhverjar hugmyndir komnar úr klámi, maður veit það ekki. En mér finnst líka svona verið að soldið að innplanta einhverju samviskubiti, svona „ef þú gerir þetta ekki, þá elskarú

mig greinilega ekki“ og í svona þessum sambands upptökum sem við höfum fengið, að þar er rosalega mikið svona „ó ég hélt þú elskaðir mig, ætluðu ekki, þú veist af því að hérna, Solla hans Gunna hérna, hún gerir þetta“ þú veist það eru svona setningar sem eru alveg bara úff...

Andri sagðist halda að vegna slíkra ranghugmynda væri oft um ómeðvitaðar nauðganir í samböndum að ræða:

Að, að hérna, ég held að margir strákar, sérstaklega átta sig ekki stundum á því, að þetta sé bara, hérna, þetta að spyrja um samþykki, og að það verði að vera samþykki, og að ef þú ert í sambandi, þá ertu ekki með bara óhamlaðan aðgang að hérna líkama maka þíns, og allt það sko. Að það svona, þetta er, þú verður alltaf að hafa samþykki, og þó þú sért búinn að fá samþykki einu sinni, að þá getur maður tekið það til baka, og allt það. Og hérna, já einmitt. Þannig með því að fræða, eins og unglunga, og hérna sérstaklega kannski stráka, um samþykki, þá megi koma í veg, sérstaklega fyrir þetta. Bara sem má skrifast á einmitt bara lélega kynfræðslu og fáfræði sko.

Sólveig sagði jafnframt um unglingsdrengr:

[...] við erum kannski ekki endilega að tala um nauðganir, heldur bara svona kynferðisofbeldi þar sem er tranað áfram og, það er rosalega mikið af strákum sem að halda að þeir eigi að haga sér svona og hinsegin og vera kaldir, og harðir og stellingastjórar og ráða ferðinni gersamlega. Að þetta er ákveðin svona pressa líka, að mörgu leyti.

Hér er stigsmunur á orðum Andra og Sólveigar, þrátt fyrir að Andri telji nauðganir geta verið ómeðvitaðar þá nefnir hann nauðgun það sem Sólveig talar um sem kynferðisofbeldi. Því er áhugavert að skoða orð Sólveigar út frá mörkum milli nauðgana og kynferðisofbeldis. Embætti landlæknis (2012a) gerir í upphafi greinar um kynferðisofbeldi greinarmun á kynferðisofbeldi og nauðgun þar sem tilgreint er að þrátt fyrir að flestir hugsi um nauðganir þegar þeir heyri orðið kynferðisofbeldi séu til margar tegundir ofbeldis. Hvergi kemur þó fram hver munurinn sé og notast er við orðin kynferðisofbeldi

og nauðganir til jafns það sem eftir er greinarinnar og í þeim dæmum sem tekin eru. Munurinn þar á milli virðist því tiltölulega óljós.

Samkvæmt skilgreiningu Íslenskrar orðabókar (2010) á nauðgun gæti út frá þrýstingi og þvingunum verið um nauðgun að ræða þó svo að lög og réttarkerfi geri ekki ráð fyrir því. Í 194. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er nauðgun í lagalegri merkingu hins vegar fólgin í því að einstaklingi sé þröngvað til samræðis eða annarra kynferðismaka með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi. Það sem almenn hegningarlög telja vera ofbeldi er svipting á sjálfræði með lyfjum, innlokun eða öðrum sambærilegum hætti. Ef að þvingun á sér stað með öðrum hætti en ofbeldi eða hótun um það, er því ekki um nauðgun að ræða í lagalegri merkingu. Lögin virðast auk þess ekki gera ráð fyrir að hægt sé að þröngva fólki til athafna með andlegu ofbeldi.

Finnborg Salome Steinþórsdóttir (2014) tók fram að þrátt fyrir að við breytingar á lögum hefði verið dregið úr áherslum á aðferðir ofbeldismanna við verknaðinn og þannig frekar horft til verndunar kynfrelsis og sjálfsákvörðunarréttar til kynlífs, sé samt sem áður enn lögð áhersla á þátt ofbeldis við nauðganir. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir (2009) bendir á að nauðgun sé í eðli sínu kynmök án samþykkis, og kynmök án samþykkis séu því ein tegund ofbeldis. Þess vegna sé undarlegt að einblína á það í lögum hvaða verknaðaraðferðum sé beitt við framkvæmd ofbeldisins.

Sólveig taldi að vegna þess hve mismunandi upplýsingar unglingar fengju væri upplifun þeirra líka afar ólík:

Kannski annar hópurinn, ef við tökum bara dæmi, er kannski búinn að fá sínar upplýsingar úr klámi, og allt þetta, en svo er kannski hinn aðilinn, eða hinn hópurinn, sem að kannski fær sínar hugmyndir úr rómantískum gamanmyndum, og lætur sér nægja kynfræðsluna í skólanum. Síðan hittast þessir hópar, og sofa saman, með ófyrirséðum afleiðingum, sko þetta er svo ótrúlega varhugaverður kokteill. Og bara, sér það ekki hver sem er?

Eva hafði svipaða sögu að segja en lagði einnig áherslu á að skoða þyrfti kynhlutverk í klámi því þau ýttu undir valdamisrétti:

Og það auðvitað býr til ranghugmyndir um að þannig eigi hlutirnir að vera í raunveruleikanum, vegna þess að krakkar sem að eru að horfa á klám, eru mörg hver ekki með neina lífsreynslu sjálf, af kynlífi. Og hérna, hafa engan samanburð. Þú veist, þú og ég vitum alveg að konur eru ekki í háum hælum upp í rúmi, þú veist, við vitum alveg að það er fullt í klámi sem er alveg út úr kortinu sko. En þegar þú ert kannski 11, 12 ára og ert að sjá þetta í fyrsta sinn, þú veist, þá hefurðu ekkert til að byggja á. Þú hefur ekkert til að leiðrétta, þú veist, það sem fyrir augu ber. Af því að þú hefur enga reynslu sjálfur sko[...] [E]f þú setur tvo óreynda einstaklinga með þessar hugmyndir inn í svefnherbergi saman, að þá held ég að þú veist, það bjóði upp á samskipti sem skilja annan aðilann eftir í sárnum.

Ofangreind ummæli viðmælenda styðja við kenningar Smidt (2013) um að skortur á grunnþekkingu í bland við normalíseringu á klámi geri það að verkum að unglingsdrengrir samþykki þá þekkingu sem klámið veitir og vegna kynjaðra valdatengsla séu það þeirra viðmið sem ráða för.

Eva fór orðum um að skortur væri á rannsóknum á nauðgunum í samböndum unglunga: „*[Þ]egar þú kemur inn á neyðarmóttöku, eða í barnahús, og ert að leita þér aðstoðar eftir kynferðisofbeldi, þá ertu ekki spurð hvort það hafi verið í sambandi sko.*“ Ummæli Evu gefa til kynna að nauðganir í samböndum unglunga eigi sér ekki flokk eða stað í kerfinu en það rímar vel við það að víða í rannsóknum er ekki gert ráð fyrir að ofbeldi í samböndum nái yfir einstaklinga undir 18 ára aldri (World Health Organization, 2012a og 2012b; Samtök um Kvennaathvarf, 2013).

Ummæli viðmælenda bera með sér að klám og klámvæðing geti átt þátt í að skapa ranghugmyndir unglunga um kynlíf, einna helst þegar skortur er á þekkingu og reynslu til að miða við. Viðmælendur töldu staðalímyndir og valdamisræmi kynjanna fylgikvilla kláms og klámvæðingar. Nauðganir í samböndum unglunga töldu þau geta birst í þvingunum og þrýstingi auk skorts á upplýstu samþykki. Mörkin á milli kynferðisofbeldis og nauðgana virðast vera á huldu og áhersla lögð á þátt ofbeldis í lagalegum skilgreiningum á nauðgun.

#### **4.3.2 „Alvöru nauðgun“?**

Starfskona Stígamóta sagði upplifun brotabola eftir nauðgun í sambandi sem unglingar einkennast af efa um hvort um nauðgun hefði verið að ræða. Þær efuðust einnig um hvort

þær ættu erindi í viðtöl á Stígamótum þar sem ofbeldismaðurinn var kærastinn þeirra. Hún segir nauðgunarmýtur og skrímslavæðingu eiga þátt í þessum viðhorfum:

Upplifunin er sko, fyrst er það rosalega mikið: Á ég heima hérna, getur það verið að þetta hafi verið nauðgun, af því að þetta er kærastinn minn [...] allar þessar nauðgunarmýtur sem eru í samfélaginu, um að nauðgarinn sé einhver sem stekkur á þig, kemur að þér að óvörum. Sprettur fram einhvers staðar úr húsasundi eða úr einhverjum runna, ókunnugur maður, helst með horn sko. Eða, eða skrímsli. Að það samræmist ekki að það sé kærasti sem þú elskar, og, og hérna er líka góður, og er kannski bara ógeðslega nice, oft.

Þrír viðmælendanna tala sérstaklega um skrímslavæðinguna og segja umræðu um nauðganir afar einsleita og oft og tíðum snúast um skrímslavædda mynd af ofbeldismönnum.

Jónína minntist á að skrímslavædd viðhorf í samfélaginu smitist inn í dóma og réttarkerfið. Hún sagði að þeir sem væru líklegastir til að fá dóm fyrir kynferðisbrot væru þeir sem væru ókunnugir, útlenskir og í þeim tilfellum þegar brotþoli hefði sýnilega líkamlega áverka. Maki eða kærasti falli því illa þarna undir. Hún taldi jafnframt réttarkerfið byggt upp á áþreifanlegum, karllægum gildum en það fellur vel að umfjöllun Edwards o.fl. (2011) um að þeir einstaklingar sem líklegastir séu til að fá dóm séu þeir sem að samræmist nauðgunarmýtum um skrímslavædda ofbeldismenn.

Starfskona Stígamóta vitnaði í mál stúlkna sem hún hefur í viðtölum um þessar mundir og sagði óskýrar skilgreiningar og skilaboð um nauðganir í samböndum unglinga hafa skaðleg áhrif á líðan þeirra:

Þannig að hún fékk þau skilaboð að það sem kærastinn hennar gerði henni, af því hann var 1 ári eldri, að það hafi ekki verið neitt neitt [...] Af því að hún kom til mín í sjokki og sagði bara [...] „Ég fell ekki undir það að hafa verið nauðgað, í raun og veru. Af því að ég er bara 15“.

Þetta gefur til kynna að þrátt fyrir að drengirnir séu á sama eða svipuðum aldri og brotþolarnir séu þeir ráðandi í samskiptum og geti verið ofbeldismenn þrátt fyrir að vera

sjálfir börn. Kenningar Connell (2005) um ríkjandi karlmennsku og umfjöllun Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2004), Ástu Jóhannsdóttur og Kristínar Önnu Hjálmarsdóttur (2011) um skaðlega karlmennsku styðja við það með þeim hætti að ýmsir þættir ríkjandi karlmennsku sem er gert hátt undir höfði eru skaðlegir bæði fyrir karla sjálfa og fyrir samfélagið í heild. Hér er vísað til þátta sem ýta undir kynferðisofbeldi og kynjuð valdatengsl með upphafningu karlmannlegra valda og yfirráða í samskiptum. Samkvæmt 202. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á hver sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 15 ára yfir höfði sér fangelsisdóm frá 1 ári og allt að 16 árum. Þar er þó tekið fram að lækka megi refsingu eða fella hana niður ef gerandi og brotþoli eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Starfskona Stígamóta tók fram að ekki sé gert ráð fyrir að unglingar geti verið ofbeldismenn því að þrátt fyrir að sakhæfisaldur sé 15 ára þá er hæpið að viðkomandi fái dóm þar sem tekið er tillit til þess ef ofbeldismaður er barn.

Finnborg Salome Steinþórsdóttir (2014) bendir meðal annars á að afleiðingarnar séu þær að konur leiti ekki réttar síns því þær geti ekki treyst á að réttarkerfið verji þær. Skilaboð og ómeðvitaðar reglur samfélagsins ætlaðar konum byggja ekki á raunverulegri tölfræði nauðgana heldur staðalímynd og nauðgunarmýtu. Réttara væri að senda þeim skilaboð um að eiga ekki karlkynskunningja og stofna ekki til ástarsambanda. Finnborg bendir jafnframt á að mýtur um „*alvöru nauðgun*“ og staðalímynd um ofbeldismenn sem skrímsli geti gert það að verkum að konur verði hræddar og geri ráðstafanir til að verjast nauðgunum, sem bendir líka til þess að þeim finnist það á þeirra ábyrgð að komast hjá nauðgunum en ekki á ábyrgð ofbeldismanna að nauðga ekki.

Starfskona Stígamóta sagði afleiðingar nauðgana í samböndum oft fólgnar í því að brotþolar fari að álíta ofbeldið eðlilegt, eigi erfitt með að skilja vanlíðan sína og upplifi að þær séu teprur. Ofbeldið sagði hún oft einkennast af því að klám yrði viðmiðið um hvað ætti að gera og ofbeldið gengi því sífellt lengra og yrði grófara. Hún sagði brotþola eiga erfitt með að setja mörk eftir á og jafnvel ekki gera sér grein fyrir því að þær megi stoppa og draga samþykki til baka þrátt fyrir að hafa samþykkt að stunda kynlíf eða vera í sambandi. Starfskona Stígamóta sagði sambönd af þessu tagi flókin, ofbeldið væri ofsalega margþætt og oft kæmi mikið andlegt ofbeldi á undan, þannig væru mörk, viðnám og sjálfstraust brotþola brotið niður og brotþoli setur því frekar spurningamerki við eigin upplifanir. Þær afleiðingar sem starfskona Stígamóta lýsti eru í samræmi við



niðurstöður Erlu Kolbrúnar Svavarsdóttur (2010) um andlega heilsu kvenna eftir ofbeldi í nánú sambandi. Starfskona Stígamóta sagði brotþola glíma við gríðarlega miklar afleiðingar, rífa sig mikið niður og hafa mjög lágt sjálfsmat:

Flestir sem koma hingað eiga þrennt sameiginlegt, þeir eru uppfyllir af sektarkennd, lágu sjálfsmati og skömm. Hjá þeim sem hafa búið með ofbeldismanni sínum, og verið jafnvel, já og eru kærustur, eða, eða eiginkonur eða eitthvað slíkt. Við getum sett þessar tilfinningar í þriðja veldi hjá þeim, þær eru ýktari. Það er eins og ef að ég myndi brenna mig, á gufu eða eitthvað og ég fengi smá roða, þær eru með þriðja stigs bruna.

Starfskona Stígamóta lagði áherslu á að brotþolar leituðu ekki til þeirra fyrr en þær væru hættar í samböndunum og yfirleitt liði þó nokkur tími þangað til að þær treystu sér til að koma eða áttuðu sig á að um ofbeldi hefði verið að ræða. Hún telur aukna umræðu í samfélaginu og það að brotþolar stígi í auknum mæli fram og skili skömminni eiga stóran þátt í að unglingsstúlkur treysti sér til að koma snemma. Orð starfskonu Stígamóta hér á eftir falla vel að kenningum Finnborgar Salome Steinþórsdóttur (2014) um að brotþolar spegli sig í nauðgunarmýtum og verði að meta hvort að nauðgunin hafi verið nógu mikil „*alvöru nauðgun*“ til að gera mál úr því:

Eins og í báðum þessum skiptum, að þá sögðu þær sko, sem er náttúrlega bara ein afleiðing af kynferðisofbeldi, að „hann nauðgaði mér ekki nógu mikið, hann beitti mig ekki nógu miklu ofbeldi“. Tengslin eru ekki rétt miðað við þessa mýtu um hver nauðgarinn er. Og hvað er alvöru nauðgun? Það er, og það er náttúrlega þegar þú berst á móti, og þú ert öll lurkum lamin, og það er ókunnugur og allt þetta. Þú berst ekki á móti kærastanum þínum. Þú bara, það er náttúrlega, þetta er eins langt frá þessari ideal hugmynd sem við höfum um hvað nauðgun er, eins og hægt er. Þess vegna er þetta einmitt svo erfitt fyrir þær að horfast í augu við. Að hérna, að kærastinn nauðgaði þér, hann beitti þig ofbeldi, og það er ekkert óalgengt að það sé gert. Og hann gerði það ekki af því að hann gerði það óvart, eða af einhverjum misskilningi, hann gerði það af því að hann gat það, og hann langaði til þess. Og það er svo óhuggulegt að horfast í augu við.

Ólík mótun kynjanna líkt og kom fram í orðum Sólveigar að framan gefur til kynna að hugmyndir, upplifun og vald unglunga í kynlífi sé afar ólíkt eftir því hvaðan hugmyndir þeirra koma. Smidt (2013) bendir á að þegar skortur sé á þekkingu á kynlífi hjá ungum drengjum komist sú þekking sem klámið setur fram auðveldar að sem samþykkt og normalíseruð. Dagný Kristjánsdóttir (1999) setur fram margslungna mótun rómantískra gamanmynda og teflir þar fram hugmyndum um útlit, undirgefni og ást sem áhrifavöldum á hugmyndir kvenna um sambönd. Valdamisræmi kynjanna í klámi telur Smidt (2013) hluta þeirrar þekkingar sem unglingsdrengir samþykki þegar skortur er á öðrum upplýsingum um samskipti í kynlífi, það má tengja kenningum Connell (2005) um ríkjandi karlmennsku. Völd og ríkjandi staða karla í samfélaginu eru þannig þáttur í mótun á hugmyndum unglingsdrengja um kynlíf og sambönd. Á sama tíma og þær hugmyndir sem birtast unglingsstúlkum um kynlíf koma frekar úr rómantískum bíómyndum (Dagný Kristjánsdóttir, 1999). Birting kvenleikans í slíkum bíómyndum á margt skylt við þann styðjandi kvenleika sem Gyða Margrét Pétursdóttir (2012) lýsir, þar sem grunnstefið er yfirleitt fólgið í hlýðni kvenleikans við ríkjandi kerfi.

Eva sagði að fyrstu kynlífssamskipti einstaklinga móti oft hvernig kynvera fólk verður í framtíðinni og að ef fyrstu samskiptin séu neikvæð geti tekið langan tíma fyrir fólk að finna sjálfstraustið í kynlífi. Jónína taldi því til stuðnings að við fyrstu kynlífsreynslu hefðu unglingar oft ekki neinar forsendur til að meta hvort um eðlilegt kynlíf væri að ræða eða ekki. Ofangreind ummæli eru mjög í takt við niðurstöður Plauborg o.fl. (2012) um að óskýr samskipti og leikreglur í bland við mýtur um „*alvöru nauðganir*“, sem feli í sér líkamlegt ofbeldi og áverka, verði til þess að unglungum þyki flókið að finna hvenær sé um ofbeldi að ræða og hvenær ekki. Það að hafa ekki eigin reynslu að miða við, líkt og Jónína bendir á, telja Plauborg o.fl. einnig að geti orðið til þess að erfitt geti verið fyrir unglunga að átta sig á muninum á kynlífi og ofbeldi.

Hér blasir við viðhorf viðmælenda um að nauðgunarmýtur og skrímslavæðing geti haft áhrif á upplifun brotþola. Þær spegli sig gjarnan í slíkum mýtum og efist því um að um nauðgun hafi verið að ræða. Brotþolar leita alloft ekki réttar síns þar sem mál þeirra falla illa að skilgreiningum um „*alvöru nauðgun*“. Líklegast er að þeir ofbeldismenn sem samræmast staðalímynd skrímslavæðingar fái dóm og ekki virðist gert ráð fyrir að unglingar geti verið ofbeldismenn. Starfskona Stígamóta lýsti sameiginlegum einkennum

nauðgana í samböndum unglunga á þá leið að oft væri mulið undan brotapolum með andlegu ofbeldi fyrst. Þær fari að álíta ofbeldið eðlilegt enda vanti þær viðmið og ofbeldið verði grófara með tímanum. Brotapolar átta sig oft ekki á því að um ofbeldi hafi verið að ræða fyrr en eftir að sambandinu er lokið og virðast oft glíma við miklar afleiðingar.

#### 4.4 Lausnir

Allir voru viðmælendur afar lausnamiðaðir. Þeir sáu ekki fyrir sér að hægt væri að útrýma klámi og klámvæðingu en töldu upp ýmsar lausnir sem gætu virkað sem mótvægi.

Viðamikil kynfræðsla var helsta lausn allra viðmælenda og telja þeir einna helst skorta námsefni í kynfræðslu og lífsleikni. Það sem viðmælendur töldu hvað nauðsynlegast að taka inn í fræðsluna voru samskipti, upplýst samþykki, persónuleg mörk og munurinn á kynlífi og ofbeldi auk þess að halda þyrfti úti opinskárri kynlífssumræðu.

Sólveig sagði að í ljósi þess að samfélagsleg viðhorf væru límið sem samþykkti þær hugmyndir sem klámvæðingin setti fram þá væri afar mikilvægt að unglingar gætu greint hvaðan hugmyndir klámvæðingarinnar kæmu, hver hagnaðist á þeim, og tók sem dæmi útlitsdýrkun og rakstur á kynfærahárum.

Viðmælendur sýndu stöðu unglunga mikinn skilning og sögðu skiljanlegt að þeir leituðu upplýsinga í klámi ef þau fengju upplýsingarnar ekki annars staðar. Sólveig sagði til að mynda:

[...] finnst það bara ekkert óeðlilegt við það, og ef að þú ert ekki með fullnægjandi hérna, kynfræðslu í skóla [...] og erum rosalega óörugg með okkur, við viljum bara, og kynlíf er mikilvægt og við viljum standa okkur vel þar, viljum vita sem mest, útaf það getur verið svo vandræðalegt, við erum kannski í fyrsta skipti ástfangin og þú veist, þetta er svo skiljanlegt.

Viðmælendur töldu eins og áður hefur komið fram að með fræðslu væri hægt að búa til mótstöðu hjá unglingum við klámvæðingunni og því væri þeirra hlutverk fólgið í því að vera mótvægi við klámvæðinguna og leiðréttu firru og ranghugmyndir. Eva sagði að það þyrfti meira af öllu:

Miklu meira af kynfræðslu, miklu meira af umræðu um klám, miklu meira af staðalmyndum, og kynhlutverkasamtölum sem við ættum að eiga. Og bara, þú veist, ég persónulega, myndi vilja sjá kynjafræði kennda bara, í, á öllum skólastigum bara.

Starfskona Stígamóta sagði nauðsynlegt að endurskoða réttarkerfið. Það yrði að breyta viðhorfum og sporna við þeim fordómum sem brotáþolar hefðu gagnvart sjálfum sér. Hún var afar meðvituð um að nauðsynlegt væri að skoða þann vanda að brotáþolar nauðgana í samböndum unglunga pössuðu oft illa inn í skilgreiningar. Það yrði að horfast í augu við að um vandamál væri að ræða auk þess sem samfélagið yrði að átta sig á því að það væri ekki lögmál lífsins að einhver nauðgi.

Þeir viðmælendur sem tilheyrðu grasrótahópum sem staðið höfðu að kynfræðsluefni fyrir unglunga miðuðu allir efni sitt við unglingastig grunnskóla og þá einna helst við 10. bekk, þrátt fyrir að telja að efnið hefði jafnvel breiðari skírskotun. Viðmælendur voru þó allir sammála um að nauðsynlegt væri að grípa inn í fyrr og hefja kynfræðslu snemma. Þeir gerðu sér þó allir grein fyrir því að slík fræðsla væri afar vandasöm. Viðmælendur töldu að miða yrði upphaf fræðslu um samskipti og klám við þann tíma sem rannsóknir sýndu að unglingar færu margir hverjir að horfa á klám. Ástæðan var fólgin í því að sporna þyrfti við skaðlegum hugmyndum þaðan en Eva sagði þó:

[...] það er svona spurning hvað maður vill fara langt niður, í aldur, í aldri með svoleiðis fræðslu. Maður vill auðvitað heldur ekki þú veist, vera að svipta börn sakleysi þú veist, þannig að maður vill kannski ekki byrja of snemma að tala við þau um hluti sem að þau hafa ekki þroska til að ráða við sko.

Meðlimir úr Fáðu Já hópnum hafa staðið að fræðslu fyrir foreldra unglunga og hópurinn vinnur um þessar mundir að fræðslu fyrir miðstig grunnskóla. Fræðsla fyrir börn frá 10 til 12 ára er liður í því mótvægi sem þau vilja halda úti við klámvæðinguna.

Barningur, Samþykki er sexý og Fáðu Já sögðu öll að umræður væru lykilatriði við kynfræðslu unglunga, bæði umræður í samfélaginu sem og umræður í kynfræðslutímum. Jónína sagði undarlegt að ætlast til þess að börn og unglingar áttuðu sig á öllu sem

tengdist kynlífi af eigin rammleik og undirstrikaði mikilvægi umræðna í samfélaginu: „*Við eigum alltaf að láta þetta svæði í friði, eins og það geti bara þróast af einhverju brjóstviti.*“

Meðlimur úr Barningshópnum tók fyrir umræður sem kennsluform og sagði til dæmis:

[...] við byggðum þetta þannig upp að við vildum ekki fara í einhverja predikunarstöðu. Heldur bara varpa fram þessum spurningum, og vegna þess að eftir allt saman, þá snýst þetta einmitt um gagnrýna hugsun. Og gagnrýnin hugsun þú veist, við værum í rosalegri contradiction ef að við værum síðan að impose-a sko okkar viðhorfum á þau. Heldur bara kveikja neista, fá þau til að hugsa sjálfstætt.

Lausnir viðmælenda eiga margt skylt við þá samskiptafræði sem Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004) stingur upp á og tekur fram að nýtist unglíngum sérstaklega. Ingólfur gerir einnig grein fyrir svokallaðri gjörningsuppeldisfræði sem felur í sér að vekja upp fleiri spurningar en svör og stuðla þannig að gagnrýnni hugsun nemenda. Slík uppeldisfræði er um margt lík þeim aðferðum sem Barningur beitir í sinni fræðslu en þau setja einnig jafningjafræðslu og gagnrýna hugsun í brennidepil. Sú umræða sem viðmælendur töldu mikilvæga í fræðslu á margt skylt við aðferðir jafningjafræðslu og hafði Sólveig miklar mætur á slíkri fræðslu:

[...] jafningjafræðsla finnst mér sko, gersamlega númer eitt, tvö og þrjú. Vegna þess að þetta er dæmi þar sem að þú veist, kynlíf unglínga er eitthvað þar sem að unglíngar, þú veist, þeir vilja ekki heyra það frá einhverjum sem er fullorðinn, og þú veist, ég held, held ég. Ég held að það þurfi að gerast einhver svona samræða um hvað sé í lagi og hvað ekki, og þú veist, þannig að þetta sé ekki púkó, að þetta sé ekki asnalegt[.]

Jafningjafræðsla virðist oft gera það að verkum að ungmenni eigi auðveldara með að tjá sig, unglíngum virðist einnig auðveldara að hlusta á jafnaldra en fullorðna sem þau upplifa jafnvel að séu að predika yfir þeim (Jóhanna S. Kristjánsdóttir, 2010). Gallar jafningjafræðslu eru þó fólgnir í því að jafningjafræðarar eru ekki endilega með þann fræðilega bakgrunn í jafnréttisfræðslu og kennslu sem þykir mikilvægur (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2012).

Eva taldi mikilvægt að foreldrar og unglingar ættu sameiginlegan umræðugrundvöll sem væri ekki byggður á eigin reynslu, þannig yrði umræðan ekki eins vandræðaleg. Viðmælendur töldu auk þess mikilvægt að fræðslan væri í takt við tíðarandann þar sem skólakerfið hefði alla jafna ekki undan örri tæknivæðingu og væri því oft og tíðum að grípa inn í of seint. Efni allra hópanna hefur birst á netinu, Sólveig sagði ástæðuna einfalda:

Þess vegna fórum við í það og settum þetta á netið, vegna þess að við vildum berjast við klámvæðinguna með þeim tækjum og tólum sem hún sjálf notar. Og þú veist ef að við erum að berjast við eitthvað svona stórt og viðamikil einsog klámvæðinguna, að þá fölnar soldið í samanburði, þú veist einhver svona, einhverjar svona bækur í skólanum[.]

Grasrótarhópunum þótti þó ekki eingöngu skólinn þurfa að taka við sér heldur væri þörf á allsherja vitundarvakningu í samfélaginu. Allir voru viðmælendur sammála um að þörf væri á að ræða opinskátt um kynlíf við unglunga og Eva taldi kynfræðslu aðeins einn lið í að kenna félagsleg samskipti.

Ljóst er að viðamikil kynfræðsla er helsta lausn allra viðmælenda til halda úti mótvægi við klámvæðinguna. Viðmælendur höfðu mikla trú á gagnrýnni hugsun, vildu búa til mótstöðu hjá unglingum og leiðrétta firru. Allir töldu viðmælendur kynfræðslu verða að byrja snemma en gerðu sér jafnframt grein fyrir að það væri vandasamt verk.

## 5 Samantekt og umræða

Hér að framan hefur verið fjallað um viðbrögð femínískra grasrótahópa við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu. Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í viðbrögð við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu frá femínískum grasrótahópum sem staðið hafa að gerð kynfræðsluefnis fyrir unglunga og starfskonu Stígamóta. Auk þess var markmiðið að kanna sýn viðmælenda á nauðganir í samböndum unglunga.

Nú verður rannsóknarspurningum svarað og stiklað á stóru varðandi þær vangaveltur sem kvikna í kjölfarið.

### 5.1 Samantekt

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að skortur á kynfræðslu skapi rými fyrir grasrótahópa til að veita fræðslu og reyna þannig að koma til móts við þá vöntun sem þeim þykir vera til staðar. Viðbrögð grasrótarinnar við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu eru því fólgin í því að reyna að vera með mótvægi við klámvæðinguna í formi fræðslu.

Grasrótareinkenni hópanna voru fólgin í því að laga sig að þeirri þörf sem þeim þótti vera til staðar, persónulegri reynslu sem hvata að aðgerðum, samstarfi við aðra grasrótahópa og tengsl baráttu við femínisma. Upplifun viðmælenda af stuðningi frá opinberum aðilum var ólík og birtist til dæmis í ólíkri aðkomu ráðuneytanna, frumkvæði ráðuneyta að stuðningi við Fáðu Já og takmörkuðum áhuga á starfi Samþykki er sexý. Barningur fékk stuðning frá Akureyrarbæ og sú fræðsla sem hópurinn veitti unglungum var tilkomin að frumkvæði Akureyrarbæjar. Þrátt fyrir að rými skapist fyrir grasrótahópa að sinna fræðslu búa þeir ekki endilega yfir fræðilegri þekkingu eða bakgrunni í kennslu. Kennara skortir þó gjarnan líka fræðilega þekkingu á sviðinu þar sem jafnréttiskennslu er ábótavant í kennaranáminu.

Sýn femínískra grasrótahópa á nauðganir í samböndum unglunga er að kynjuð valdatengsl kláms og klámvæðingar í bland við skort á kynfræðslu skapi valdamisræmi og ólíka upplifun kynjanna á kynlífi. Upplifun viðmælenda rennir stoðum undir að nauðgunarmýtur og skrímslavæðing eigi þátt í því að lög og skilgreiningar nái illa utan um nauðganir í samböndum unglunga. Enn fremur benda viðmælendur á skort á rannsóknum

á sviðinu. Viðmælendur voru lausnamiðaðir og undirstrikuðu allir mikilvægi veigamikillar kynfræðslu sem mótvægi við skaðleg meginstraumsskilaboð.

## 5.2 Umræður

Nýlegt kynfræðsluefni, líkt og Fáðu Já, Samþykki er Sexý, efni frá Barningi og Örugger saman, væntanlegt efni um ofbeldi í samböndum, gefur tilefni til bjartsýni. Það er þó vert að benda á að þrátt fyrir að talsvert hafi verið skrifað um þörf á aukinni kynfræðslu og viss vitundarvakning hafi átt sér stað í kynfræðslumálum þá er enn langt í land. Umræða um mikilvægi fræðslu um samskipti í kynlífi, mörk, klám og ofbeldi er tiltölulega ný af nálinni.

Vöntun á veigameiri kynfræðslu er margþættur vandi en hér að framan hafa þrjú þeirra þátta verið sérstaklega nefndir. Fyrsti þáttur vandans liggur í takmörkuðum áhuga og óskýrri stefnu opinberra aðila á málum er varða kynfræðslu. Afleiðingin birtist svo í Aðalnámskrá grunnskóla þar sem afar óskýrt er talað um kynheilbrigði og alls ekkert fjallað um kynfræðslu. Þriðji þáttur vandans er fólgin í kennaranáminu en lítil áhersla á jafnréttisfræði og kynfræðslu þar endurspeglast í starfi kennara í skólum. Ef áhugi kennara á mikilvægi kynjajafnréttisfræðslu hefur ekki verið vakinn í námi þeirra og það kemur óskýrt eða alls ekki fram hvort eða hvernig þeir eigi að sinna kynfræðslu, gefur auga leið að metnaðarfull kynfræðsla verður ekki endilega þeirra helsta forgangsatriði í kennslu.

Vert er að velta fyrir sér þegar rými skapast fyrir grasrótarhópa að sinna fræðslu hver fræðilegur og kennslufræðilegur bakgrunnur þeirra er. Ljóst er að þörf er á frekari rannsóknum og áhugavert að velta fyrir sér kostum og göllum þess að grasrótin sjái um fræðslu í eins viðkvæmum málaflokkum og þessum. Vissulega er fræðsla frá grasrótinni betri en engin fræðsla og sú fræðsla sem kemur þaðan virðist líka markvisst miða að því að fylla upp í það sem hefur vantað í almennri kynfræðslu. Fræðsla grasrótarinnar hefur oft verið í formi umræðna á jafningjagrundvelli eða nýtt sér tækninýjungar á jákvæðan hátt. En á móti kemur að meðlimir í grasrótarhópum eru ekki endilega með fræðilegan bakgrunn á sviðinu eða kennaramenntun og málefnið er vissulega viðkvæmt. Það að utanaðkomandi grasrótarhópar fái að sinna kynfræðslu í skólum gefur til kynna að þeim þáttum sé jafnvel ekki sinnt innan skólanna. Utanaðkomandi fræðsla nýtist þá sem einhvers konar fjarvistarsönnun kynfræðslu svo að starfsfólki skóla finnst það búið að sinna þeim hluta fræðslunnar. Kostir og gallar við þetta fyrirkomulag eru margþættir og nauðsynlegt að kynfræðslu sé sinnt almennilega, af metnaði og virðingu. Sérstaklega er þörf á að afbyggja



staðalímyndir í kynfræðslu þannig að hún útiloki ekki til dæmis hinsegin fólk eða fatlað fólk.

Ástæða þess að klámvæðing og skortur á kynfræðslu eru hér í brennidepli er að sú samfélagsmótun sem við búum við í dag virðist veita einstaklingum þekkingu um kynlíf og sambönd annars vegar úr klámi og hins vegar úr rómantískum bíómyndum. Slíkt býður upp á afar „*varhugaverðan kokteil*“ eins og einn viðmælandinn orðaði það sem getur til að mynda birst í ólíkum hugmyndum um kynlíf, ólíkum upplifunum og misbeitingu valds. Hér er því ekki haldið fram að allir unglingsdrengir samþykki þekkingu úr klámi og nauðgi í nánnum samböndum eða að um slæma einstaklinga sé að ræða. Frekar er horft til slæmrar mótunar samfélagsins sem getur leitt af sér slæma einstaklinga þó að ætla megi að slíkt sé frekar undantekning en regla.

Til þess að hægt sé að takast á við samfélagslegan vanda verður að ríkja samfélagsleg sátt um að málefnið sé vandi. Vitundarvakning um nauðganir í samböndum unglunga sem samfélagslegan vanda er því nauðsynleg til þess að hægt sé að takast á við þær. Skilgreiningar, hugtök og skýrt lagaumhverfi eru þættir sem þurfa að vera til staðar. Þó svo að hægt sé að hugsa sér að réttarkerfið taki mið af gáleysi, vanþekkingu og ungum aldri ofbeldismanna við refsingar verður að liggja skýrt fyrir að slíkt á ekki alltaf við og unglingar geta bæði verið ofbeldismenn og brotþolar nauðgana í samböndum. Út frá orðum viðmælenda má ætla að aukin kynfræðsla sé helsta lausn þeirra á klámvæðingu og nauðgunum í samböndum unglunga. Til þess að slík fræðsla hafi breiðari skírskotun gæti hugmynd að lausnum falið í sér að senda á heimili allra unglunga ísskápasegla, sambærilega því sem gert hefur verið varðandi útivistartíma barna. Þar gætu komið fram upplýsingar um muninn á kynlífi og ofbeldi, ábendingar til unglunga og forráðamanna um mikilvægi upplýsts samþykkis, dæmi um orðuð eða óorðuð samþykki og neitanir og áminningar um hvaða refsing liggja við nauðgunum.

Á Íslandi hafa verið gerðar tilraunir til að starfrækja unglingamóttökur. Ef slíkar unglingamóttökur störfuðu vítt og breitt um landið mætti nýta þær til að samræma og bæta kynfræðslu í landinu. Þaðan væri hægt að senda utanaðkomandi fræðara í skóla, annaðhvort til að fræða kennara og aðstoða þá við kynfræðslu eða til að fræða nemendur. Með eftirlitskerfi, aðstoð og samræmingu væri þannig hægt að passa upp á að allir skólar og allir unglingar fengju viðamikla og fjölbreytta kynfræðslu. Starfsfólk unglingamóttökunnar hefði fræðilegan bakgrunn og við fræðslu um ofbeldi væri hægt að

vísa á ókeypis viðtöl á unglingamóttökunni ef unglingarnir vilja ræða eitthvað nánar. Unglingamóttökurnar mætti því einnig nýta sem þjónustu við brotþola og ofbeldismenn nauðgana í samböndum unglunga.

Hér hefur verið miðað við að unglingar séu einstaklingar á aldrinum 13 til 18 ára. Í þeim tölfræðilegu gögnum sem farið var yfir vantar hins vegar iðulega tölur yfir unglunga frá 13 til 16 ára og því er erfitt að gera sér grein fyrir raunverulegu umfangi nauðgana í samböndum unglunga. Í ljósi þess að endurtekið hefur verið bent á skort á rannsóknum og þá einna helst þegar kemur að nauðgunum í samböndum unglunga væri áhugavert að gera viðamikla íslenska rannsókn þar sem tekin væru viðtöl við unglunga um hugmyndir þeirra um kynlíf, rætt væri við brotþola nauðgana í samböndum unglunga og jafnvel reynt að ná utan um tölfræði.

Hér er því hvatt til áframhaldandi rannsókna og vitundarvakningar sem mótvægi við klámvæðingu og skorti á kynfræðslu eins og viðmælendur nefna endurtekið sem hvata að viðbrögðum þeirra.

## Heimildaskrá

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Anna Þóra Kristinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir. (2014). *Ársskýrsla 2013*. Reykjavík: Stígamót.

Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson. (2006). „Þetta er út um allt“ upplifun og viðhorf unglunga til kláms. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elvý Guðríður Hreinsdóttir og Andrea Hjálmsdóttir. (2011). „Leið tómt á eftir, maður var að leita að einhverju“: Rannsókn á reynslu íslenskra unglingsstúlkna af því að byrja að stunda kynlíf með hliðsjón af stöðu kynjanna í samfélaginu. Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstýrur), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félags- og mannvísindadeild* (bls. 22-29). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir (2011). Skaðleg karlmennska? Orðræðugreining á bókinni Mannasiðir Gillz. *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 21. mars 2014 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/005/005.pdf>

Ásdís Olsen. (2006). *Kynlíf: kynfræðsla fyrir ungt fólk*. Reykjavík. Námsgagnastofnun.

Barnaverndarstofa og Rannsóknir og greining. (2007). *Könnun á kynferðislegri misnotkun gegn börnum á Íslandi: Niðurstöður*. Sótt 11. mars 2014 af <http://www.bvs.is/files/file539.pdf>

Barningur. (2013, ágúst). Barningur: róður gegn menningarháská. Sótt 20. febrúar 2014 af <http://barningur.wordpress.com/2013/08/14/klamvaett-kynlif/>

Bartky, S.L. (1998). Foucault, femininity, and the modernization of patriarchal power. Í R. Weitz (ritstýra), *The politics of women's bodies. Sexuality, appearance and behavior* (bls. 25-45). New York og Oxford: Oxford University Press.

Berns, N. (2001). „Degendering the Problem, Gendering the Blame: Political Discourse on Women and Violence“. *Gender and Society*, 15(2), bls. 262- 281.

Borgarleikhúsið. (2014). *Pörupiltar- Á kafi í kynlífi*. Sótt 26. mars 2014 af <http://www.borgarleikhus.is/syningar/porupiltar-a-kafi-i-kynlifi>

- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful Qualitative Research. A practical guide for beginners*. London: Sage Publications.
- Connell, R. W. (2005). *Masculinities*. Cambridge: Polity.
- Consent is sexy. (e.d.). Consent is sexy. Sótt 20. mars 2014 af <http://www.consentissexy.org/>
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir. (e.d.). *Spegill, spegill herm þú mér... Ríkjandi umræða og kynlífsreynsla íslenskra unglunga*. Sótt 20. mars 2014 af <http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/dagbjort-asbjornsdottir.pdf>
- Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir. (2006). *Kynlíf- unglingar*. [Reykjavík]: Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir; Landlæknisembættið; Lýðheilsustöð og Reykjavíkurborg, velferðarsvið.
- Edwards, K. M., Turchik, J. A., Dardis, C. M., Reynolds, N. og Gidyez, C. A. (2011). Rape myths: History, individual and institutional-level presence, and implications for change. *Sex Roles*, 65, bls. 761-773.
- Ekenstam, C. (2003). The Body, the Will and the Fear of Falling: The History of Masculine Self- Control. Í *Ervö og Johansson (ritstjórar), Bending Bodies* (bls. 16-46). England: Ashgate.
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd. Sótt 2. mars 2014 af <http://www.althingi.is/altext/139/s/pdf/1214.pdf>
- Embætti landlæknis. (2012a, október). *Kynferðisofbeldi*. Sótt 1. apríl 2014 af <http://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item18286/Kynferdisofbeldi>
- Embætti landlæknis. (2012b, október). *Ofbeldi og kúgun í samböndum og samskiptum*. Sótt 1. apríl 2014 af <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/gedraekt/greinar/grein/item18282/Ofbeldi-og-kugun-i-sambondum-og-samskiptum>
- Embætti landlæknis. (2012c, maí). *Kynheilbrigði, unglingar og ungt fólk*. Sótt 16. apríl 2014 af <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/kynheilbrigdi/unglingar-og-ungt-folk/>
- Embætti landlæknis. (2013). *Örugg saman: Kennsluefni fyrir unglunga um öryggi í samskiptum: Nemendahefti*. (Lýðheilsustöð þýddi og staðfærði). Reykjavík: Embætti landlæknis. Óútgefið efni.

- Erla Kolbrún Svavarsdóttir. (2010). Út úr myrkrinu: Áhrif margbættis og langvinnis ofbeldis á andlega líðan kvenna. Í Erla Kolbrún Svavarsdóttir (ritstýra), *Ofbeldi: margbreytileg birtingarmynd* (bls.39-59). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Erla Ragnarsdóttir og Þórhalla Arnardóttir. (2006). *Um stelpur og stráka: kynfræðsla*. Reykjavík. Námsgagnastofnun.
- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw- Hill.
- Eygló Árnadóttir. (2009). *Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum*. MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.
- Fáðu Já. (2012). Fáðu Já!. Sótt 20. febrúar 2014 af <http://faduja.is/>
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir. (2014). „Þær segja svo margar að það megi bara nauðga“: *Birtingarmyndir og áhrif nauðgunarmenningar*. Óbirt MA- ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2012). „Potulið“ og „setulið“: Kynjajafnrétti og kennaramenntun. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 26. mars 2014 af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/006.pdf>
- Gunnhildur Sigurhansdóttir. (2014). „Þá er hrópað hátt um líf og synd og glæp“: *Um rauðsokkur, frjálssar fóstureyðingar og andstöðu*. Óbirt MA- ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Gyða Margrét Pétursdóttir (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið 3*, bls. 5-18. Sótt 2. mars 2014 af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/35/pdf>
- Heilsugæslustöðin á Akureyri. (e.d.). *Unglingamóttaka*. Sótt 16. apríl 2014 af <http://www.akureyri.is/heilsugaeslan/unglingamottaka>
- Helga Ólafsdóttir. (2011). Barátta rauðsokka: forðabúr femínismans. Í Olga Guðrún Árnadóttir (ritstýra), *Á rauðum sokkum: Baráttukonur segja frá* (bls. 92- 126). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.
- hooks, b. (2000). *Feminism is for Everybody: Passionate Politics*. Cambridge, MA: South End Press.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.

- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Íslensk orðabók. (2010). Mörður Árnason (ritstjóri). Reykjavík: Forlagið.
- Jóhanna Sigríður Kristjánsdóttir. (2010). *Tóbaksvarnir í grunnskólum á Íslandi*. Óbirt MA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisdeild. Sótt 1. apríl 2014 af <http://skemman.is/handle/1946/9361>
- Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). *Kynlíf: heilbrigði, ást og erótík*. Reykjavík: Opna.
- Katrín Anna Guðmundsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2011). „Að dansa á línunni“: Kynbundin valdatengsl og klámvæðing í auglýsingum. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstýra), *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011* (bls. 86-93). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 11. apríl 2014 af [http://skemman.is/stream/get/1946/10251/25562/3/Rannsoknir\\_%C3%AD\\_felagsvisindum\\_XII\\_Stjornmalaf%C3%A6dideild.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/10251/25562/3/Rannsoknir_%C3%AD_felagsvisindum_XII_Stjornmalaf%C3%A6dideild.pdf)
- Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Ragnar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir. (2008). Viðhorf og þekking 16 ára unglunga á kynlífstengdu efni [rafræn útgáfa]. *Læknablaðið*, 94, bls. 453-460. Sótt 5. apríl 2014 af <http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1394/PDF/f02.pdf>
- Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti: grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Námsgagnastofnun.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (1996). *Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing* (2.útgáfa). Los Angeles: Sage.
- Lamb, S. og Peterson, Z. D. (2012). Adolescent Girls' Sexual Empowerment: Two Feminists Explore the Concept. *Sex Roles*, 66, bls. 703-712.
- Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The Nordic Youth Research among 16 to 19 year old in Åland Islands, Denmark, Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

- Malamuth, N., Addison, T og Koss, M. (2000). Pornography and sexual aggression: Are there reliable effects and can we understand them? *Annual Review of Sex Research*, 11, bls. 26- 91.
- Margrét Júlía Rafnsdóttir. (2008). Kynfræðsluvefurinn. [engin staðsetning]: Námsgagnastofnun.
- McMillan, J.H. (2008). *Educational Research: Fundamentals for the Consumer* (5. útgáfa). Boston: Pearson Education.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011b). *Aðalnámskrá grunnskóla. Greinasvið*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Murnen, S. K. og Smolak, L. (2012). Social Considerations Related to Adolescent Girls' Sexual Empowerment: A Response to Lamb and Peterson. *Sex Roles*, 66, bls. 725-735.
- Plauborg, R., Johansen, K. og Helweg-Larsen, K. (2012). *Kærestevold i Danmark: En undersøgelse af omfang, karakter og kon-sekvenser af volden blandt unge og udviklingen*. Kaupmannahöfn: Syddansk Universitet.
- Philly's pissed and Philly stands up. (e.d.). Sótt 2. mars 2014 af <http://zinelibrary.info/files/phillyfinal.pdf>
- Samþykki er sexý*. (e.d.). [Reykjavík]: Samþykkishópurinn í samvinnu við Nei-hreyfingu Femínistafélags Íslands.
- Samtök um Kvennaathvarf. (2013). *Ársskýrsla 2012*. Sótt 2. mars 2014 af [http://www.kvennaathvarf.is/media/utgefidefni/SUK\\_2012-3.pdf](http://www.kvennaathvarf.is/media/utgefidefni/SUK_2012-3.pdf)
- Sigríður Dögg Arnardóttir (Sigga Dögg). (2014). Sótt 23. mars 2014 af <http://www.siggadogg.is/>
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstýra), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239- 250). Akureyri: Ásprent-Stíll.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstýra), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71-88). Akureyri: Ásprent-Stíll.
- Smidt, T.B. (2012). *Klámvæðing er kynferðisleg áreitni = Pornification is sexual harassment*. (Hildur Lilliendahl þýddi). Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur: MARK - miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna við Háskóla Íslands.

- Smidt, T.B. (2013). „*Beyond Effect: Pornography as a Creator of Knowledge*“. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.
- Stefán Árni Pálsson. (2014, mars). Jákvæð áhrif stuttmyndarinnar Fáðu já. *Vísir.is*. Sótt 3. apríl 2014 af <http://www.visir.is/jakvaed-ahrif-stuttmyndarinnar-fadu-ja/article/2014140339885>
- Steinem, G. (1995). *Outrageous Acts and Everyday Rebellions* (2. útgáfa). New York: Holt Paperbacks.
- Swart, L.A. (2002). Violence in adolescents' romantic relationships: findings from a survey amongst school-going youth in a South African community. *Journal of Adolescence*, 25(4), bls. 385–95.
- United nations: General Assembly. (2006). *In-depth study on all forms of violence against women: Report of the Secretary-General*. Sótt 24. mars 2014 af [http://www.unifem.org/attachments/stories/SGstudyOnVAW\\_2006\\_eng.pdf](http://www.unifem.org/attachments/stories/SGstudyOnVAW_2006_eng.pdf)
- Þorgerður Einarsdóttir. (2002). „Jafnrétti án femínisma — pólitík án fræða?“ *Ritið* 2 (bls. 9-36). Sótt 2. mars 2014 af [http://www.hi.is/~einarsd/kynjafraedi/Jafnretti\\_an\\_feminisma.pdf](http://www.hi.is/~einarsd/kynjafraedi/Jafnretti_an_feminisma.pdf)
- Þorgerður Einarsdóttir. (2004). „Hið vísindalega er pólitískt: Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu“. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar), *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan. Sótt 2. mars 2014 af [http://www.hi.is/~einarsd/kynjafraedi/Hid\\_visindalega04.pdf](http://www.hi.is/~einarsd/kynjafraedi/Hid_visindalega04.pdf)
- Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjajafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 11. febrúar 2014 af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/030.pdf>
- Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2009). *Á mannamáli: ofbeldi á Íslandi: brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Þórunn Blöndal. (2013, 2. ágúst). *Hvernig „samþykkja“ konur kynmök?* Sótt 27. mars 2014 af <http://knuz.is/2013/08/02/hvernig-samthykkja-konur-kynmok/>
- World Health Organization. (2011). *Evidence for gender responsive actions to prevent violence: Young people's health as a whole-of-society response*. Sótt 24. janúar 2014 af



[http://www.euro.who.int/\\_\\_data/assets/pdf\\_file/0015/158100/316637\\_WHO\\_brochure\\_226x226\\_3-violece.pdf](http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0015/158100/316637_WHO_brochure_226x226_3-violece.pdf)

World Health Organization. (2012a). *Understanding and addressing violence against women: Intimate partner violence*. Sótt 24. janúar 2014 af

[http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/77432/1/WHO\\_RHR\\_12.36\\_eng.pdf](http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/77432/1/WHO_RHR_12.36_eng.pdf)

World Health Organization. (2012b). *Understanding and addressing violence against women: Sexual violence*. Sótt 24. janúar 2014 af

[http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/77434/1/WHO\\_RHR\\_12.37\\_eng.pdf](http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/77434/1/WHO_RHR_12.37_eng.pdf)

World Health Organization. (2013). *Global and regional estimates of violence against women: prevalence and health effects of intimate partner violence and non partner sexual violence Global and regional estimates of violence against women: prevalence and health effects of intimate partner violence and non-partner sexual violence*. Sótt 24. janúar 2014 af

[http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/85239/1/9789241564625\\_eng.pdf](http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/85239/1/9789241564625_eng.pdf)

## Viðauki 1. Viðtalsrammi fyrir höfunda kynfræðsluefnis

Í upphafi mun ég:

- Kynna mig.
- Kynna verkefnið stuttlega.
- Heita fullum trúnaði.
- Láta vita að viðtalið verði tekið upp.
- Gera viðmælendum grein fyrir að ekki sé verið að leita eftir einu réttu svari heldur sé markmiðið að fá innsýn í þeirra upplifanir og reynslu. Gera þeim grein fyrir að þeim sé alltaf frjálst að hætta þátttöku eða biðja um að sleppa spurningu ef þeir treysta sér ekki til að svara henni.
- Gera grein fyrir því hvernig meðferð gagna verður háttað (þ.e. að þau verði afrituð og þeim eytt að úrvinnslu lokinni).
  
- Af hverju ákvaðst þú/þið að búa efnið til?
- Fyrir hvaða hóp er efnið ætlað?
- Hverju á efnið að koma til skila? Bætir það einhverju við þá kynfræðslu sem er í boði)?
- Hvaða þætti hefur/hafðir þú í huga við gerð efnisins?
- Er/var efnið unnið í samvinnu við menntamálaráðuneyti eða aðrar opinberar stofnanir?  
Ef svo er, hvernig gekk það samstarf?
- Hvers konar viðbrögð hafið þið fengið?
- Hvernig var dreifingu háttað?
- Hver er þín upplifun á aðgengi unglunga að kynfræðslu?
- Hvernig finnst þér unglingar staddir þegar kemur að kynfræðslu? Er fræðslan að skila sér?
- Hvaða hugmyndir/þekkingu telur þú að unglingar fari með inn í sambönd?
- Eru þær hugmyndir ólíkar hjá stelpum og strákuum?
- Hvernig birtist kynlíf, samskipti og nauðganir í samböndum unglunga í því kynfræðsluefni sem þú hefur gert? Hvernig birtist það í kynfræðsluefni almennt?

- Hver er þín upplifun á tíðni og afleiðingum nauðgana í samböndum unglunga?  
Hefur orðið breyting?
- Telur þú að unglingar í dag séu meðvitaðir um að nauðganir í samböndum eigi sér stað, tíðni þeirra og afleiðingar?
- Hvaða atriði/þættir skipta máli þegar kemur að nauðgunum í samböndum unglunga?
- Er eitthvað sem þú telur að vanti inn í flóru kynfræðsluefnis á Íslandi?
- Sérðu fyrir þér einhverjar lausnir?
- Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?

## Viðauki 2. Viðtalsrammi fyrir starfskonu Stígamóta

Í upphafi mun ég:

- Kynna mig.
- Kynna verkefnið stuttlega.
- Heita fullum trúnaði.
- Láta vita að viðtalið verði tekið upp.
- Gera viðmælandanum grein fyrir að ekki sé verið að leita eftir einu réttu svari heldur sé markmiðið að fá innsýn í upplifun hans og reynslu. Gera viðmælandanum grein fyrir að honum sé alltaf frjálst að hætta þátttöku eða biðja um að sleppa spurningu ef hann treystir sér ekki til að svara henni.
- Gera grein fyrir því hvernig meðferð gagna verður háttað (þ.e. að þau verði afrituð og þeim eytt að úrvinnslu lokinni).
  
- Hversu lengi hefur þú starfað sem leiðbeinandi?
- Hversu marga, um það bil, hefur þú fengið í viðtal sem hafa upplifað nauðgun í sambandi sem unglingar?
- Hver er þín upplifun á tíðni og afleiðingum nauðgana í samböndum unglinga? Hefur orðið breyting?
- Hver er þín upplifun á aðgengi unglinga að kynfræðslu?
- Hvernig finnst þér unglingar staddir þegar kemur að kynfræðslu?
- Hvaða hugmyndir/þekkingu telur þú að unglingar fari með inn í sambönd?
- Eru þær hugmyndir ólíkar hjá stelpum og strákuðum?
- Telur þú að unglingar í dag séu meðvitaðir um að nauðganir í samböndum eigi sér stað, afleiðingar þeirra og tíðni?
- Hvernig lýsir nauðgun í samböndum unglinga sér?
- Hverjar eru helstu afleiðingar nauðgana í samböndum unglinga? Geturðu útskýrt þær nánar?
- Eru þær ólíkar öðrum afleiðingum kynferðisofbeldis?
- Telur þú að upplifun brotþola sé ólík eftir því hvers konar nauðgun þeir verða fyrir?

- Telur þú að brotáþolar upplifi/átti sig strax á að um ofbeldi sé að ræða? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Er algengt að brotáþolar komi strax sem unglingar á Stígamót að vinna úr sinni reynslu?
- Hvaða atriði/þættir skipta máli þegar kemur að nauðgunum í samböndum unglunga?
- Sérðu fyrir þér einhverjar lausnir?
- Er eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?

### Viðauki 3. Tilkynning til persónuverndar

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir  
Björtusölum 25  
201 Kópavogur



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík 5. nóvember 2013  
Tilvísun: S6469/2013/ HGK/-

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur mótttekið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S6469/2013 og fylgir afrit hennar hjálagt.

Vakin er athygli á því að tilkynningin hefur verið birt á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar til efnis þeirra.

Virðingarfyllst,

  
Helga Grethe Kjartansdóttir

Hjál.: - Tilkynning nr. S6469/2013 um vinnslu persónuupplýsinga.